



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25.3.2025

Málsnúmer: 202502-0063

BK/LA/OKV

Efni: Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum - Matsáætlun

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt, dags. 26. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun framkvæmdar Zephyr Iceland ehf. sem áformar að reisa vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða í sveitarfélaginu Borgarbyggð.

Afmarkað framkvæmdasvæði er um 10 km² í um 400 m h.y.s. á Hallkelsstaðaheiði. Gert er ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði um 11-14 og að uppsett heildarafl verði líklega um 50-70 MW.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Matsáætlunin tekur til helstu þátta sem leggja þarf mat á. Ljóst er af lýsingunni á framkvæmdinni að um umfangsmikil áform er að ræða á svæði sem í dag er lítt snortið og einkennist af mósaík votlendis og þurrlendis. Fyrir utan vindmyllurnar sjálfar, undirstöður þeirra og vinnsluplön, þarf að leggja aðkomuveg frá Þorvaldsstöðum inn á fyrirhugað framkvæmdasvæði sem og vegtengingar innan svæðisins. Þá mun lagningu jarðstrengs einnig fylgja rask. Náttúrufræðistofnun telur afar mikilvægt að fullnægjandi upplýsingar séu til staðar um alla umhverfispætti sem meta þarf áhrif á. Tryggja þarf að gagnasöfnun endurspegli þetta og að aðferðafræði og magn gagna fullnægi viðmiðum um gæði til að öruggt sé að ákvarðanataka byggji á bestu vitneskju.

Þá skal í matsskýrslu lagt mat á samlegðaráhrif vegna annarra fyrirhugaðra vindorkugarða á Vesturlandi.

Hér á eftir koma athugasemdir við einstaka matsþætti eftir því tilefni er til.

2.5 Verndarsvæði

Líkt og fram kemur í matsáætlun, er framkvæmdasvæðið innan svæðis nr. 209 (Arnarvatnsheiði og Tvídægri) á C-hluta náttúruvinjaskrár yfir náttúruvinjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Enn fremur hefur Arnarvatnsheiði verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruvinjaskrár yfir náttúruvinjar sem setja ætti í forgang um friðlýsingu eða friðun vegna vistgerða á landi og fugla (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/nordvesturland/arnarvatnsheidi>). Arnarvatnsheiði er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði fyrir álf og himbrima á varptíma sem og fyrir álf á fellitíma. Meðal annarra tegunda sem verpa á svæðinu má nefna lóm og duggönd.

5.1 Landslag

Ein mestu áhrif vindorkugarða eru á landslag og víðerni.



Landslag og landslagsvernd hlaut aukið vægi í lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) sem tóku gildi 2015. Landslag kemur fyrir í 1. gr. um markmið laganna og þar stendur: „Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.“ Í 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvið, landslag og víðerni, stendur í lið d) „að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.“ og í 5. gr. er landslag skilgreint: „Svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta.“

Í íslenskum landslagsrannsóknum hefur verið bent á að sérkenni íslensks landslags koma einkum fram í svæðum með eldvirkni, móbergsfjöllum (móberghryggir og móbergsstapar) og háhitasvæði. Jöklar og vatnafar landsins eru mikilvæg landslagseinkenni, s.s. skriðjöklar, jökulár, heiðarvötn, fossar og lindir. Þá er landslag metið einnig útfrá óhlutbundinni nálgun s.s. fagurfræðilegt gildi, upplifunargildi og hughrif, ásamt sögulegu eða menningarlegu gildi svæða og eru það þættir sem einnig eru mikilvægir í landslagsrannsóknum¹.

Ofan af Hallkelsstaðaheiði er víðáttumikið útsýni yfir fjölbreytilegar landslagsgerðir sem einkenna íslenskt landslag. Heiðin sjálf er dæmigerð íslensk heiði sem hefur sitt eigið gildi. Í suðri blasir við formfagra hraundyngjan Ok og í botni Hvítársíðu og Hálsasveitar er mikill fjöldi fossa og kaldra linda, þ.m.t. friðlýsta náttúruvættið Hraunfossar og Barnafoss. Í austri er Langjökull, Eiríksjökull og Geitlandsjökull, en þeir tveir síðastnefndu eru móbergsstapar sem eru einstakar myndanir í íslensku landslagi. Neðan við fjalllendið eru hins vegar víðáttumiklir hraunflákar Hallmundarhrauns sem rann á sögulegum tíma, árið 1050, en jafnframt forsöguleg hraun, t.d. Geitlandshraun sem er friðlýst svæði. Norðan við framkvæmdasvæðið er Arnarvatnsheiðin með óteljandi vötn og tjarnir sem er jafnframt einstakt svæði á Íslandi vegna landslagsheildar og þéttleika vatna. Vestan við framkvæmdasvæðið einkennist landslag af jökulsorfnum ávölum heiðum og grónum dölum með vatnsmiklum ám í botni þeirra sem renna í Borgarfjörð. Útfrá þessu er ljóst að fjölbreytileiki landslags og landslagsheilda er mikill umhverfis framkvæmdasvæðið á Hallkelsstaðaheiði og þarf að gera mjög vel grein fyrir því.

Í greinargerð matsáætlunar um óbyggð víðerni stendur (bls. 16): „Þá verður umfjöllun um óbyggð víðerni hluti af greiningu á viðkvæmni og næmni landslagsheilda sem geta orðið fyrir áhrifum.“ Náttúrufærðistofnun er ekki kunnugt um greiningu á viðkvæmni og næmni víðerna, en víðerni eru skilgreind í náttúruverndarlögum (nr. 60/2013) sem stór svæði í óbyggðum þar sem hægt er að njóta einveru og náttúru án truflunar véla eða mannvirkja. Þetta viðmið á ekki við um landslag. Stofnunin telur afar mikilvægt að gerð sé grein fyrir umfangi skerðingar á óbyggðum víðernum vegna uppbyggingar mannvirkja fyrir vindorkugarða, s.s. veglagirnir, sýnileiki vindmylla og áhrif vegna hljóðs og skuggaflökts. Eitt er víst að skerðing á óbyggðum víðernum verða ekki endurheimt með mótvægisáðgerðum.

Þá er mikilvægt að metin séu samlegðaráhrif fyrirhugaðra vindorkugarða á landslag og óbyggð víðerni á Vesturlandi. Þetta eru vindorkugarðarnir Þorvaldsstaðir, Hælsheiði, Grjótháls, Múli, Sólheimar, Hrutavirkjun og Garpsdalur. Þá ætti einnig að kanna hvort að fyrirhugaður vindorkugarður í Hvalfirði,

¹ Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir, 2010. *Íslenskt landslag. Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Reykjavík: Háskóli Íslands.



Brekkukambur, og jafnvel hugmyndir um vindorkugarð á Mýrum, muni hafi enn frekari áhrif á landslag og víðerni í Borgarfirði.

5.2 Ásýnd og skuggaflökt

Myndatökustaðir fyrir ásýndarmyndir eru einungis sex og eru engir staðir norðan framkvæmdasvæðisins. Til dæmis mættu vera myndir sem sýna ásýnd vindmylla frá veiðislóðum á Arnarvatnsheiði, af Holtavörðuheiði, frá Grábrók við Bifröst sem og ofan af Langjökli vegna vaxandi ferðmennsku þar. Þá ætti að gera grein fyrir sýn frá friðlýstum svæðum í Borgarfirði í átt að vindorkugarðinum, t.d. frá Geitlandi, Hraunfossunum og Barnafossi.

Auk ásýndarmynda sem sýna vindmyllurnar frá ýmsum sjónarhólum, telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að matsskýrsla innihaldi ásýndarmyndir sem sýni umfang rasks á framkvæmdasvæði, þ.e. loftmyndir sem sýna hvernig vegir/slóðar, undirstöður, vinnsluplön, strengjalagnir o.fl. mun koma til með að líta út eftir að vindorkuverið hefur verið reist.

5.4 Jarðmyndanir

Varðandi berggrunn svæðisins eru til ágætis yfirlitskort í mælikvarða 1:250000 yfir jarðfræði Vesturlands (blað 2) og í jarðfræðikortasjá Náttúrufræðistofnunar er nýleg kortlagning af Vesturgosbeltinu í mælikvarða 1:100000 sem nær yfir framkvæmdasvæðið (<https://jardfraedikort.ni.is/>). Þegar kemur að jarðgrunni svæðisins eru ekki til jarðgrunnskort. Hörfun jökla á síðjökultíma eða í upphafi nútíma er nokkuð vel þekkt á láglendi í Borgarfirði, en upp á heiðum skortir rannsóknir á ísaldarmenjum. Samkvæmt matsáætlun er ráðgert að kanna laus jarðlög í tengslum við nýtingu, þ.e. efnistöku. Þar sem framkvæmdin mun fela í sér mikið og varanlegt rask á stóru svæði telur Náttúrufræðistofnun þörf á að skoða ísaldarjarðfræði svæðisins. Laus jarðefni, jökulmenjar og landform geta haft mikið vísindagildi í tengslum við jöklunarsögu landshlutans.

5.5 Vatnafar

Skoða á möguleg áhrif á vatnshlot og vatnalíf útfrá fyrirbyggjandi gögnum og fyrri rannsóknum. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að lífríki vatna og tjarna í nágrenni framkvæmdasvæðis sé vel kannað. Gera þarf grein fyrir hættu á mengun á rekstartíma, s.s. vegna veðrunar spaða, og áhrifum þess á lífríki.

5.6 Gróður

Í samantekt fyrirbyggjandi gagna kemur fram vistgerðaflokkun og vistgerðakort NÍ séu helstu grunnupplýsingar um gróðurfirni á svæðinu. Vert er að benda á að til er gróðurkort af svæðinu sem nálgast má í niðurrhalsþjónustu Náttúrufræðistofnunar². Kortið er unnið upp úr fyrirbyggjandi gróðurkortum en hafa þarf í huga að gögnin þar að baki voru unnin í misnákvæmum mælikvarða og byggir á misgömlum gögnum. Kortið getur í einhverjum tilfellum gefið skýrari mynd á t.d. útbreiðslu

² Náttúrufræðistofnun Íslands 2014. Gróðurkort af Miðhálandi Íslands. Mælikvarði 1:25.000. NI_G25v. <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/kort/grodurkort>



votlendis og mólendis, en vistgerðir innan þessara vistlenda reyndust erfiðar í myndflokkun við gerð vistgerðakortsins.

Í kafla 5.6.2:

„Gert er ráð fyrir að svæðið verði gengið, gróðurfari lýst, ljósmyndir teknar og gerð grein fyrir þeim plöntutegundum sem finnast í ólíkum gróðurlendum. Út frá þessum gögnum verður vistgerða-kortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands staðfest eða uppfærð.“

Hér á líklega að vísa í vistgerðir fremur en gróðurlendi. Þá þyrfti að koma fram hvort fyrirhugað sé að gera grein fyrir öllum plöntutegunum (æðplöntum, mosum og fléttum) eða einungis æðplöntutegundum.

Líta á sérstaklega eftir sjaldgæfum tegundum og fundarstöðum þeirra og leita í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar. Í þessu samhengi má einnig nefna að litið verði til válista og lista yfir friðaðar tegundir sbr. auglýsingu nr. 1385/2021. Æskilegt væri að í matsskýrslu verði birt uppfært vistgerðakort.

5.7 Fuglar

Í matsáætluninni kemur fram að þéttleiki mófugla verði metinn með annað hvort snið- eða punkttalningum og að gert sé ráð fyrir tveimur heimsóknum, annars vegar í kringum 20. maí og hins vegar í kringum 20. júní.

Náttúrufræðistofnun bendir á að æskilegt væri að telja rjúpur að vori en slíkar talningar fara að jafnaði fram á tímabilinu 25. apríl - 20. maí þegar sýnileiki karra er mestur. Þá ætti seinni talningin ekki fara fram mikið síðar en 20. júní því þegar líður á varptímamann geta mófuglar, sem varp hefur misfarist hjá, hafa yfirgefið svæðið. Meti athugendur sem svo að aðstæður til varps/talninga hafi ekki verið nægilega góðar þegar talningar fóru fram, þarf að endurtaka þær að ári til að niðurstöður gefi sem réttasta mynd af varpþéttleika mófugla.

Fjöldi sniða/punkta liggur ekki fyrir á þessari stundu en þurfa að dekka svæðið vel og fjöldi athugana þarf að vera nægjanlegur til að hægt sé að meta þéttleika helstu tegunda með sæmilegu öryggi.

Þá þarf einnig að kanna hvort að rjúpur haldi til á svæðinu á haustin.

Á Hallkelsstaðaheiði er víða að finna vötn, tjarnir og ár. Því þurfa að fara fram athuganir sem miðast að vatnafuglum sem gæti verið að finna innan framkvæmdasvæðisins, sem og á nærliggjandi svæðum, m.a. á Hólmavatni, Blaðalækjartjörnum, Mjóavatni, Kleppavatni og Fiskivatni.

Æskilegt er að þær athuganir séu framkvæmdar tvisvar, annars vegar í upphafi varptímans að vori og hins vegar síðsumars. Stórir heiðavatnafuglar voru taldir úr flugvél á þessum slóðum sumarið 2012 og má nálgast þær upplýsingar hjá Náttúrufræðistofnun.

Ekkert er minnst á hafnir í matsáætluninni en vindorkugarðar eru þeim sérstaklega hættulegir. Vesturland er þeirra höfuðvígi og staðsetningartæki hafa sýnt að ungir fuglar flækjast víða um inn til landsins. Náttúrufræðistofnun býr yfir þessum gögnum og er mikilvægt að þau séu höfð til hliðsjónar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Þá er verndarstaða fálka bág og stofninn hefur minnkað mikið frá 2021. Uppfærður válisti fyrir fugla verður birtur síðar á þessu ári og fálkinn verður þar listaður sem tegund í hættu (Náttúrufræðistofnun óbirt gögn). Í ljósi þessarar miklu fækkunar og þeirrar staðreyndar að vindmyllur geta orðið fálkum að grand, þá telur Náttúrufræðistofnun mjög mikilvægt að hugað verði að hlutskipti fálka við mat á umhverfisáhrifum vindorkuvera. Með þessu er átt við að rannsakað verði hversu mörg fálkaóðul eru innan áhrifasvæða fyrirhugaðra vindorkuvera og að ábúð á þessum óðulum verði metin. Verði



vindorkugarður reistur ætti jafnframt að setja á laggirnar langtímavöktun á ábúð. Þá telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að rannsaka ferðir fálka og fæðuöflunarsvæði þeirra og hvernig þeir nýta loftrýmið á sínum ferðalögum. Miðað við fyrirbyggjandi þekkingu, þá sækja fálkar reglulega allt upp í 30 til 40 km frá óðali eftir bráð til að bera heim í hreiður. Samtals eru þekkt 18 fálkaóðul innan 35 km frá fyrirhuguðu vindorkuveri við Þorvaldsstaði á Hvítársíðu (Náttúrufræðistofnun óbirt gögn).

Flugleiðir flestra tegunda farfugla enn sem komið er illa þekktar. Fuglar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir áhrifum af vindorku, bæði vegna búsvæðaeyðingar en sérstaklega áflugshættu. Hefðbundnar sjónarhólmælingar einar sér geta ekki talist fullnægjandi aðferð til að meta áflugshættu auk þess sem ratsjarmælingar eru nauðsynlegar til að meta umferð fugla að nóttu til sem getur verið umtalsverð, einkum á fartíma.

Náttúrufræðistofnun telur því að ávallt eigi að framkvæma rannsóknir með ratsjá þar sem uppbygging vindorkuvera er áformuð, og að þær rannsóknir nái yfir a.m.k. tvö ár (mars-nóvember) vegna náttúrulegs breytileika, t.d. í veðurfari, sem getur verið á milli ára.


Mælt er með því að horfa til aðferðafræði sem Árósarháskóli þróaði og Náttúrustofa Norðausturlands hefur notað við rannsóknir á fuglum í tengslum við umhverfismat annarra fyrirhugaðra vindorkugarða hérlandis (sjá yfirlit á 1. mynd)³ þannig að hægt verði að bera saman niðurstöður á milli ólíkra vindorkukosta. Aðferðafræðin beinist eingöngu að umferðarfuglum (fuglum sem eiga leið um svæðið, þ.e. fljúga í gegn) en ekki varpfuglum (fuglum sem nýta svæðið á varptíma).

Ratsjórathuganirnar eru tvíþættar, sjálfvirkar og beinar. Sjálfvirkar ratsjórathuganir með ratsjá í lóðréttri stöðu gefa nákvæmar upplýsingar um flugumferð fugla og hæðardreifingu umferðarinnar og í láréttri stöðu um hlutfall umferðarfugla. Þær gefa engar upplýsingar um hópastærðir eða tegundasamsetningu, til þess er notast við beinar ratsjórathuganir sem jafnframt gefa upplýsingar um flugleiðir fugla um rannsóknarsvæðið.

Við beinar ratsjórathuganir er ratsjá höfð í láréttri stöðu. Athugandi, staðsettur nærri ratsjanni, greinir tegundir og metur hópastærðir að baki þeim ferlum sem fram koma á ratsjárskjánum. Til að greina flughæðir einstakra tegunda er stefnuvirkum fjarlægðarsjónauka beitt.

Að lokum bendir Náttúrufræðistofnun á að stefnumótun íslenskra stjórnvalda um uppbyggingu vindorkuvera er ekki lokið en frumvarp og þingsályktunartillaga þess efnis var til umfjöllunar á Alþingi í vorið 2024 en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Fyrirkomulag málsmeðferðar á vettvangi orku- og nýtingaráætlunar (rammaáætlunar) og svæðisbundið mat á landsvísu um hvar vindorka eigi erindi og hvar ekki, er meðal þess sem stefnumótunin fjallar um. Á meðan málið er enn óafgreitt ríkir ákveðin óvissa um hvaða forsendur skal horfa til við ákvarðanatöku um vindorkuver og útfærslu þeirra hverju sinni.

³ Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Yann Kolbeinsson, Snæþór Aðalsteinsson, Thorsten J. Skovbjerg Balsby, Ib Krag Petersen og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2023. Aðferðakafli í: *Áhrif fyrirhugaðs vindorkuvers á Grjóthálsi á varp- og umferðarfugla*. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-2302.



1. mynd. Yfirlit yfir ratsjárrannsóknir sem þurfa að fara fram við mat á umhverfisáhrifum. Mynd: Aðalsteinn Örn Snæþórsson.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur

Vegna: Máls nr. 0242/2025, Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn um vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða í Borgarbyggð.

Sem eigendur að hluta að jörðinni Kolstaðir II sem á land að Hallkelsstöðum lýsum yfir furðu okkar yfir áætlunum Zephyr Iceland um að reisa vindorkuver í landi Þorvaldsstaða í Borgarbyggð. Það er furðulegt að ekki sé rætt við væntanlega nábúa áður en farið er af stað með matsáætlun að svo stóru verkefni. Við fréttum þetta öðruvísi og að það væri óskað eftir umsögnum fólks innan mjög stutts tíma.

Ljóst er að vindorkuver hafa með sér gríðarlegt inngríp í náttúru landsins, oftast óafturkræft þar með talið mörg hundruð m³ vegna jarðvegsskipta og mörg hundruð m³ af steypu sem færi í verkið. Byggja þyrfti upp vegi yfir 100 km. og byggja nýjar brýr vegna þungaflutninga með jarðveg og efni frá Grundartanga til verksins. Drykkjarvatnsmengun yrði mikil, grunnvatn spillist vegna framkvæmda og úr úrgangi vegna reksturs versins.

Sjónmengun yrði mikil, ekki bara á nærsamfélagið vegna nálægðar heldur líka á fræga ferðamannastaði eins og Húsafell og náttúruperluna Hraunfossa vindmillurnar blasa við úr 10 km. fjarlægð. Sömuleiðis blasa þessar ófreskjur við sífellt vinsælli ferðamannastað sem er Langjökull og gönguleiðum á Arnarvatnsheiði.

Uppbygging vindorkuvera ætti að vera bönnuð á friðlýstum svæðum, Tvídægra og Arnarvatnsheiði eru friðlýst svæði á náttúrumynjaskrá, þar eru alþjóðlega mikilvæg varpsvæði fyrir ýmsar fuglategundir.

Vindorkuver ættu eingöngu að vera í eigu opinberra fyrirtækja í almenningss eigu og valin staður þar sem þau skemma hvorki umhverfi né náttúru. Erlendir aðilar (zephyr) eiga ekki að fá að nýta vind á Íslandi til raforkuframleiðslu í hagnaðarskyni fyrir sig. Skilyrði fyrir staðsetningu slíkra vera er nálægt vatnsaflsvirkjunum, tengivirkjum og flutningslínunum vegna náttúruspjalla sem annars yrðu.

Hávaðamengun. Hávaði er talin vera eitt af mestu heilbrigðisvandamálum nútímans. Mælieining fyrir hljóð er desíbil (dB). Venjulegt samtal er um 60 dB. Hættumörk eru talin vera við 80 – 85 dB. Í dreifbýli er viðmiðið 40 dB. Styttri hljóðtoppar í vindmillu geta farið í 120-130 dB.

Það hafa 14 sumarhús verið reist á jörðinni Kolstaðir II.

Þar sem vindmillurnar eru hugsaðar í innan við 4 km. fjarlægð frá efsta bústaðinum, sem sagt í bakgarðinum teljum við að hávaðinn verði óbærilegur bæði daga og nætur, þar fyrir utan hafa húseigendur á svæðinu staðsett sig þarna vegna rólegheita og ósnortinnar náttúru.

Nýjustu rannsóknir vísindamanna hjá norsku hafrannsóknarstofnuninni (Havforskningsinstituttet) sýna að hljóð hefur mikil áhrif á heilbrigði fiska. Vindmillurnar eru hugsaðar á bökkum Hólmavatns sem er mikið aflavatn, úr Hólmavatni rennur í mikla laxveiðiá Kjarrá. Ætli megi ekki afskrifa Kjarrá sem laxveiðiá. Það eiga örugglega eftir að koma margar nýjar neikvæðar upplýsingar um vindorkuver.

Að framansögðu er allt sem mælir á móti vindorkuvirkjun á þessum stað.

Við hjón mótmælum þessum fyrirætlunum harðlega.

Ólafur Gíslason Unnur Magnúsdóttir 23.03.2025.

Höfundur: Ólafur Gíslason

Sent inn þann: 23.03.2025

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2025
UOS2502453/PRJ
13.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun – Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um framangreinda matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Zephyr Iceland áformar að reisa vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða í sveitarfélaginu Borgarbyggð. Fyrirhuguð áform gera ráð fyrir uppbyggingu vindorkugarðs á Þorvaldsstöðum, með um 50-70 MW heildarafl. Gert er ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði um 11-14 og að afl hverrar vindmyllu verði 5-7 MW. Miðað við um 50 MW afl verður árleg raforkuframleiðsla vindorkugarðsins um 180-190 GWst. Samráð verður haft við Landsnet varðandi greiningu á mögulegum tengingum við flutningskerfið, útfærslu þess og valkostum auk rafspennu á fyrirhuguðum jarðstrengjum. Í matsáætlun kemur einnig fram að líklega verði tengt annaðhvort inn á tengivirki Landsnets við Hrutatungu eða vatnshamra.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Í 3. gr. laga nr. 110/2024 um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar eru talin upp málefni sem falla undir starfsemi Umhverfis- og orkustofnunar.

Í 22. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að vinna skuli skýrslu um umhverfismat hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar og taldar upp þær upplýsingar sem skýrslan skuli innihalda.

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir skýrsluna með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eftir því sem stofnunin telur að eigi við.

Verndar- og orkunýtingaráætlun

Stofnuninni er heimilt að binda virkjunarleyfi, sem stofnunin gefur út, skilyrðum skv. 5.gr. raforkulaga. Stofnunin bendir á að þar kemur m.a. fram að stofnunin getur sett skilyrði fyrir

útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

Framkvæmdin er til umfjöllunar í 5. áfanga rammaáætlunar. Skv. ákvæðum 4. til 6. greina laga 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er stjórnvöldum einungis heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að framkvæmdin, sem var skilgreind af Orkustofnun skv. ákvæðum reglugerðar 530/2014, hefur ekki verið flokkuð í nýtingarflokk rammaáætlunar. Framkvæmdin er í meðferð hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar og hefur þar stöðuna "óflokkað" og "mat í undirbúningi" skv. upplýsingum frá verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Loftslag

Í 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er fjallað um *efni umhverfismats* og taldir upp þeir umhverfisþættir sem fjalla skal um í matinu. Áhrif framkvæmdar á *loftslag* er einn þeirra þátta sem nauðsynlegt er að fjalla um. Í matsáætluninni er ekki að finna umfjöllun um áhrif á loftslag. Nauðsynlegt er að fjallað verði í umhverfismatsskýrslu um áhrif framkvæmdar á loftslag.

Umfjöllun um loftslag þarf að miða að því að gera grein fyrir þeirri losun sem stafar af framkvæmdinni. Til losunar frá framkvæmd telst bæði *bein losun* frá framkvæmdinni (losun að umfangi 1) og hins vegar *óbein losun* frá framkvæmdinni (losun að umfangi 2 eða 3).

Undir óbeina losun getur til að mynda fallið losun vegna framleiðslu íhluta í vindmyllurnar og flutningur þeirra og starfsmanna á framkvæmdasvæði ásamt fleiri þáttum.

Þess ber að geta að í júní 2024 kynntu stjórnvöld nýja og uppfærða aðgerðaráætlun í loftlagsmálum.¹

Örplast

Umhverfis- og orkustofnun vill benda á að þekking á örplasti hefur aukist töluvert á undanförunum árum þar sem stærstu uppsprettur losunar örplasts á landi eru dekkjaslit, vegryk en auk þess kemur plast frá sjávarútvegi og fiskeldi. Í skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun Noregs² árið 2020 kemur fram að myndun örplasts í Noregi er um 19.000 tonn. Í sömu skýrslu kemur fram áætluð losun sé á bilinu 10 til 170 tonn frá vindmyllum, miðað við þær 1000 vindmyllur sem voru starfandi á því ári. Auk þess kemur fram að matið

¹ [Aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum](#)

² [Norske landbaserte kilder til mikroplast](#)

varðandi örplast frá vindmyllum sé byggt á mjög takmörkuðum grunni. Umhverfis- og orkustofnun leggur því áherslu á að framkvæmdaraðili leiti upplýsinga hjá framleiðendum og fái t.d. upplýsingar um slit á blöðum og fjalli um áhrif örplasts í umhverfismatinu.

Niðurstaða

Stofnunin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða skýrslu.

Virðingarfyllst,

Rán Jónsdóttir
Verkfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir
Sérfræðingur

VINDORKUGARÐUR ÞORVALDSSTÖÐUM MATSÁÆTLUN

Athugasemdir og ábendingar

- Fyrirhugaður vindorkugarður er staðsett á svæði sem er á náttúruminjaskrá, er á óbyggðum víðernum, skarast við vatnsverndarsvæði, er á hefðbundnu útivistarsvæði og liggur undir fjölfarinni flugleið.
- Gera þarf rækilega grein fyrir því hvers vegna talið er að þetta svæði sé ákjósanlegra til vindorkuframleiðslu heldur en svipuð svæði sem ekki eru á náttúruminjaskrá, ekki á verðmætu hefðbundnu útivistarsvæði, ekki á fjölfarinni flugleið, og þar sem sjónræn áhrif eru ekki eins víðtæk.
- Engar mælingar á veður- og vindafari liggja fyrir. Þar þarf mikið meira en það sem skrifað er í matsáætluninni:
“...svæði hefur til að mynda verið metið út frá Vindatlas Veðurstofu Íslands og mælingum nálægra veðurstöðva yfir afmarkað tímabil. Einnig hefur verið stuðst við tölvulíkön (hugbúnað) sem Zephyr...”
Gera verður ráð fyrir ítarlegum veðurfarsmælingum á svæðinu, rökstyðja þær og hversu langan tíma þarf til að safna haldbærum gögnum, t.d. hvað varðar ofsaveður.
- Á Tvídægru og Arnarvatnsheiði er mikið fuglalíf og þar liggja einnig farleiðir. Gera þarf ítarlega grein fyrir þessu og á hvern hátt vindorkugarðurinn gæti haft áhrif á líf og afkomu fugla á svæðinu svo og á annað dýralíf og gróður.
- Á Tvídægru (Hallkelsstaðaheiði þar með talin) er mikið votlendi sem mótar mikilvæg vistkerfi með fjölbreyttu dýra- og plöntulífi. Gera þarf ítarlega grein fyrir votlendi á og nærri framkvæmdasvæðinu og mögulegum áhrifum framkvæmda.
- Fjölfarnar þjóðleiðir liggja yfir Tvídægru og teljast verðætar menningarminjar.
<http://www.jonas.is/flokkar/thjodleidir/page/9/>
<https://timarit.is/page/5954946#page/n32/mode/2up>
Sjá einnig Árbók Ferðafélags Íslands 2004.
Gera þarf glögga grein fyrir þessum þjóðleiðum, menningarlegri þýðingu og menningarminjum sem þeim fylgja, sérstaklega á og nærri orkuöflunarsvæði.
- Fjölfarin sjónflugsleið liggur við svæðið. Mörg flugslys hafa orðið á Arnarvatnsheiði og Tvídægru. Gera verður grein fyrir þessari umferð, hvernig mannvirkin geta aukið hættu fyrir flugumferð, m.a. vegna björgunarþyrila, og til hvaða varúðar- og mótvægisáðgerða verður gripið.
- Gera þarf sérstaka grein fyrir viðvörunarljósum á möstrum og spöðum, svo og sýnileika þeirra, einkum að nóttu.
- Gera þarf glögga grein fyrir staðsetningu mastra og fjarlægð milli þeirra. Í korti í matsáætlun virðist mun styttra á milli mastra en almennt er gert ráð fyrir til að nýta vindafl sem best.
- Gera þarf ítarlega grein fyrir stærð og gerð spaða á vindmyllum.
- Gera þarf grein fyrir af hvaða landsvæðum spaðar í hástöðu munu sjást, og hvernig vindorkuverið muni blasa við frá nálægum og fjarlægum sveitum.

- Gera þarf grein fyrir eignarhaldi á viðkomandi og nálægu landi þar sem mannvirki kunna að hafa áhrif, og hver þau áhrif kunna að verða.
- Gera þarf grein fyrir tengingu við raforkunet og greina frá mannvirkjum sem því fylgja.
- Gera þarf grein fyrir jöfnun raforkuframleiðslu frá vindorkuverinu eða hvernig nýta á ójafna orkuframleiðslu versins.
- Gera þarf grein fyrir því hvernig flytja skal mjög langa og þunga byggingarhluta á orkuöflunarsvæðið, þ.m.t. hvort og hversu mikið þarf að breyta þjóðvegum.
- Greina þarf frá umfangi vegagerðar af þjóðvegi á orkuöflunarsvæði.
- Gert er ráð fyrir að vindorkugarðurinn verði nálægt fengsælum veiðivötnum. Ger þarf grein fyrir því hvernig framkvæmdir og síðan rekstur vindorkugarðsins geti haft áhrif á hefðbundnar nýttar svo sem fiskveiðar, fuglaveiðar, útivist og ferðaþjónustu.
<https://veidiheimar.is/veidisvaedi/holmavatn/>
- Fyrirhugað virkjunarsvæði er á náttúruminjaskrá af margvíslegum ástæðum. Lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga um friðlýsingu Arnarvatnsheiðar og Tvídægru:
<https://www.althingi.is/altext/131/s/1010.html> Þar koma fram margvísleg sjónarmið og upplýsingar sem taka þarf tillit til.

Skipulagsstofnun
Bt. Þórdísar Stellsu Erlingsdóttur

Dags. 28. mars 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0090

Með erindi dags. 26. febrúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um matsáætlun vegna áforma Zephyr Iceland að reisa vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða í Borgarbyggð.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlun þessa, en vill benda á að láðst hefur að nefna vindatlasinn í heimildaskrá.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

26. mars 2025

Bt. Skipulagsstofnunar


Efni: Umsögn Fuglaverndar um „VINDORKUGARÐUR Á ÞORVALDSSTÖÐUM – MATSÁÆTLUN“

Fuglavernd hefur kynnt sér matsáætlun Zephyr Iceland ehf. vegna fyrirhugaðra rannsókna vegna umhverfismats vindorkuvers á Þorvaldsstöðum í Borgarbyggð.

Fuglavernd gerir nokkrar mjög alvarlegar athugasemdir við matsáætlunina.

Eins og fram kemur í matsáætluninni nær framkvæmdasvæðið inn á svæðið Arnarvatnsheiði, sem skilgreint hefur verið sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt til B-hluta náttúru-minjaskrár vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla. Svæðið er einnig innan svæðis nr. 209 á náttúru-minjaskrá, er nærri vatnsverndarsvæði og innan framkvæmdasvæðisins eru svæði sem njóta hverfisverndar. Þá eru þar votlendi sem njóta verndar, sem og óbyggð víðerni sem einnig njóta verndar. Í þessari umsögn leggur félagið áherslu á þá þætti sem tengjast fuglum.

Í fyrsta lagi vill félagið koma því á framfæri með skýrum hætti að **það er algjörlega fráleitt að ætla að reisa vindorkuver innan marka alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis¹** (1. mynd) eða á jaðarsvæði slíks svæðis. Félagið hefur margfalt bent á þetta til bæði ráðuneytis og Alþingis² og gildir þetta um öll svæði landsins sem skilgreind hafa verið með þessum hætti. Best væri að hætta strax við öll áform um uppbyggingu vindorkuvers á Þorvaldsstöðum og spara þannig framkvæmdaaðila, sveitarfélagi, samfélagi og opinberum stofnunum vinnu og fyrirhöfn við eitthvað sem á hvort eð er ekki að eiga sér stað.



1. mynd. Framkvæmdasvæðið og áhrifasvæði þess skarast að verulega leyti við alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (rauðar línur). Láðst hefur að merkja það inn á mynd 2.1 í matsáætluninni!

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi>

² <https://fuglavernd.is/fuglarvernd-felagasamtok-natturuvernd-busvaedi/um-fuglavernd/alyktanir-umsagnir/>

Í öðru lagi gerir félagið alvarlegar athugasemdir við lýsingu á fyrirhuguðum rannsóknum vegna mats á umhverfisáhrifum:

1) Varðandi mótvægisáðgerðir: Greint er frá því að lagt verði mat á töpuð búsvæði og hvaða fuglar séu helst í árekstrarhættu (bls. 24) og sagt að lagðar verði fram tillögur að mótvægisáðgerðum. Hér er rétt að staldra við. Arnarvatnsheiði er fyrst og fremst á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði vegna varps himbrima og álfta. Varpstofn himbrima á Íslandi er lítill og viðkvæmur og má þess vegna alls ekki við því að mikilvægum varpsvæðum hans verði raskað, eða að ráðist verði í framkvæmdir sem gætu aukið afföll í stofninum, m.a. vegna árekstrarhættu. Á íslenskum válista fugla flokkast himbrimi sem tegund í nokkurri hættu³. Á Arnarvatnsheiði verpa um 75 himbrimapör, sem er um 15% stofnsins!⁴. Himbrimar eru mjög vandlátir við val á varpsvæðum og fá vötn henta þeim. Það er því fráleitt að halda að hægt sé að grípa til einhverra mótvægisáðgerða til að bæta fyrir skemmdir á varpsvæði himbrima, því ekki dugar að reyna að endurheimta hvaða votlendi eða stöðuvatn sem er sem mótvægisáðgerð. Arnarvatnsheiði er það alþjóðlega mikilvæga fuglasvæði Íslands sem inniheldur langflest himbrimaóðul (2. mynd), en næstmikilvægasta svæði landsins er Skagi með 40 óðul. Þótt athafnasvæði vindorkuversframkvæmda við Þorvaldsstaði skarist einungis við hluta af Arnarvatnsheiði er öruggt að áhrifin af því fyrir fuglalíf, og þá sérlega himbrima (sem eru þekktir fyrir að vera styggir) ná langt út fyrir framkvæmdasvæðið vegna truflunar, bæði á meðan uppbygging stendur yfir og eftir að vindmyllum hefur verið komið upp.

Þá er sérlega slæmt að ætla að setja upp allt að 250 m háar vindmyllur á svæði sem er mikilvægt álfum og himbrimum, þar sem báðar þessar fuglategundir eru þungfleygar og því í mikilli áhættu vegna áflugs⁵. Áðgerðir eins og að mála einn spaða svartan eru ólíklegar til að hindra áflug við þessar aðstæður.

Fuglavernd telur að engar raunverulegar áðgerðir séu mögulegar til að vega upp á móti röskun á Arnarvatnsheiði. Að halda því fram í matsskýrslu gefur því falsvonir.

47. tafla. Himbrimavarp á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi (byggt á Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Breeding Gavia immer in important bird areas in Iceland (from IINH, unpublished data).*

Svæði Area	Svæðisnúmer Area code	Árstími Season	Fjöldi (óðul) Number (territories)	Ár Year	Hlutfall af íslenskum stofni (%) Percentage of Icelandic popul. (%)	Alþjóðlegt mikilvægi International importance*
Borgarfjörður–Löngufjörur	FG-V 10	B	22	2016	4,4	A4i, B1i, B2
Laxárdalsheiði	VOT-V 3	B	25	2016	5,0	A4i, B1i, B2
Arnarvatnsheiði	VOT-N 1	B	75	2016	15,0	A4i, B1i, B2
Viðidalstunguheiði–Blanda	VOT-N 2	B	16	2016	3,2	B2
Skagi	VOT-N 5	B	40	2016	8,0	A4i, B1i, B2
Mývatn–Laxá	VOT-N 11	B	13	2016	2,6	B2
Melrakkaslétta	FG-N 4	B	16	2016	3,2	B2
Jökuldalsheiði	VOT-A 2	B	8	2016	1,6	
Úthérað	VOT-A 3	B	9	2016	1,8	
Veðivötn ¹	VOT-S 2	B	19	2016	3,8	B2
Suðurlandsundirlendi	VOT-S 3	B	11	2016	2,2	B2
Sogið–Þingvallavatn	VOT-S 6	B	10	2016	2,0	B2
Önnur mikilv. svæði – Other important areas			15	2016	3,0	
Alls – Total			279		55,8	

* Skýringar: 1. tafla, 2. viðauki. – *Explanations: Refer to Table 1 and Appendix 2.*
¹ Örn Óskarsson, óbirt heimild. – *Örn Óskarsson, unpublished source.*

2. mynd. Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði á Íslandi m.t.t. himbrima⁴. Fengið úr skýrslunni „Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi“.

³ <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

⁴ https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

⁵ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Aflug.pdf>

2) Varðandi rannsóknaraðferðir - flugmælingar: Fram kemur í matsskýrslunni að ekki eigi að fara í ratsjarmælingar heldur láta sjónarhólmælingar duga, nema Zephyr verði gert skylt að fara í ratsjarmælingar. Fráleitt er að sleppa ratsjarmælingum á svæði sem er svo sannarlega mikilvægt fuglalífi. Reynsla af íslenskum rannsóknum hefur sýnt að ratsjarmælingar gefa margfalt betri upplýsingar en sjónarhólmælingar, sem hafa mjög stóra annmarka sem rannsóknaraðferð. **Mikilvægt er að skylda framkvæmdaaðila til ratsjarmælinga sem hluta af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.** Í matsskýrslunni er einnig sagt að flugumferð fugla verði aðeins mæld við fyrirhugaðar vindmyllur. **Þar sem svæðið er innan marka mikilvægs fuglasvæðis telur Fuglavernd að nauðsynlegt sé að láta mælingar ná talsvert út fyrir sjálft framkvæmdasvæðið** svo unnt sé að meta betur heildartruflunaráhrif á fuglalíf svæðisins. Bent er á að leiðbeiningar Scottish Natural Heritage hafa sætt gagnrýni hér á landi og eru ekki í öllum tilvikum taldar vera fullnægjandi til að meta íslenskt fuglalíf. Nauðsynlegt er að aðlaga rannsóknir hverju rannsóknasvæði fyrir sig og sérkennum þess. Í þessu tilfelli þarf að taka ríkt tilliti til mikilvægis svæðisins fyrir sérlega viðkvæmar tegundir og þarf því að vanda vel til rannsókna á fuglalífi og atferli þeirra fugla sem nýta svæðið. **Brýnt er að Skipulagsstofnun ljúki hið fyrsta, í samstarfi við Náttúrufræðistofnun, við leiðbeiningar um þær kröfur sem gera þarf til rannsókna á áhrifum vindorkuvera á fuglalíf.**

3) Varðandi rannsóknaraðferðir - mófuglar: Í matskýrslunni er greint frá mögulegum rannsóknaraðferðum til að meta tegundasamsetningu og þéttleika mófugla (sniðtalinngar og punkttalinngar). Hins vegar kemur ekki fram hversu mörg snið eða hversu marga punkta til standi að mæla. **Af þessum sökum er ómögulegt að leggja mat á það hvort fyrirhugaðar rannsóknir séu nægilegar til að lýsa mófuglalífi svæðisins.** Því miður er alltof algengt hér á landi að rannsóknaráttak vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sé of takmarkað til að lýsa fuglalífi á ásættanlegan hátt. Þar á meðal næst sjaldan að fanga breytileika í þéttleika og atferli fugla í tíma og rúmi, svo sem á milli ára. Brýnt er að endurtaka ekki gömul mistök og gera skýra kröfu um lágmarksfjölda snið- og/eða punktmælinga, sem útfært yrði í samráði við sérfræðinga sem hafa engra hagsmuna að gæta.

4) Varðandi fálka: Nauðsynlegt er að gefa fálkum sérstakan gaum við rannsóknir vegna umhverfismats vindorkuvers á Þorvaldsstöðum. Fálkar nota stór óðul og fara víða, en miðað við fyrirbyggjandi gögn frá Náttúrufræðistofnun geta fálkar borið meðalstóra til stóra bráð um 35 km heim í hreiður. Ef áhrifasvæði vindorkuversins gagnvart fálkum er skilgreint sem svæði sem nær 35 km radíus frá framkvæmdasvæðinu, þá er að finna 18 fálkaóðul innan áhrifasvæðis vindorkuversins á Þorvaldsstöðum, skv. upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun. Hrun hefur orðið í stofni fálka síðustu ár⁶ og í endurskoðuðum valista fugla sem gerður verður opinber í lok mars á þessu ári verður fálki skilgreindur sem tegund í hættu (Endangered). Sem lið í umhverfismati verður að gera þá kröfu að ábúð á þessum 18 fálkasetrum verði rannsökuð. Ef svo fari að vindorkuverið verði reist verður að vakta þessa ábúð allan rekstrartíma versins. Einnig verður að rannsaka veiðisókn og veiðisvæði fálka á öllu ofangreindu áhrifasvæði versins. Til þess þarf að setja senditæki á fálka.

Að lokum vill Fuglavernd ítreka andstöðu sína við fyrirhugaðar framkvæmdir og nauðsyn þess að vanda sérlega vel til verka í mati á umhverfisáhrifum í ljósi þess að **a)** vindorkuverið er fyrirhugað innan marka alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis, **b)** að þar megi finna tegundir sem eru sérlega líklegar til áflugs vegna líkamsbyggingar og fluglags, **c)** hátt hlutfall Íslandsstofns himbrima gæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum og **d)** vindorkuverið gæti haft neikvæð áhrif á stofn fálka, sem er í útrýmingarhættu hérlandis eftir sérlega slæmt gengi undanfarin ár.

Með góðum kveðjum f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

⁶ <https://www.ni.is/is/frettir/2024/08/mikil-faekkun-falka>

Vegna: Máls nr. 0242/2025, Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Sem áhugamaður um hreina náttúru, verndun vistkerfa, loftslags og dýralífs, þá mótmæli ég harðlega fyrirhuguðum framkvæmdum vegna vindorkuvers á Þorvaldsstöðum. Eins og fram hefur komið, þá nær fyrirhugað framkvæmdasvæði yfir friðlýst búsvæði fugla, og þar með getur framkvæmdin ekki talist "í sátt við náttúruna", hvað sem misvitirir hagsmunaaðilar kunna að segja. Náttúra Íslads er ekki til sölu.

Höfundur: Hannes Sigurðsson

Sent inn þann: 07.03.2025

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 26. mars 2025
Tilv.2025-02-26-0210

Efni: Varðar umsagnarbeiðni um vindorkugarður á Þorvaldsstöðum – mál nr. 242/2025

Með erindi úr Skipulagsgátt dags. þann 26. febrúar 2025 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaðan vindorkugarð á Þorvaldsstöðum. Málið er nú í kynningarferli og er nr. 0242/2025.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa óljóst hvort framkvæmdir séu innan 100 metra frá bökkum nærliggjandi veiðivatna og að varpa þurfi ljósi á það. Ef framkvæmdasvæði er utan þeirra marka, eru framkvæmdirnar ekki háðar leyfi Fiskistofu. Ef framkvæmdirnar eru innan þeirra marka, er nauðsynlegt að fjallað sé um áhrif á lífríki í vatni og fyrrgreind lög um lax- og silungsveiði, svo að Fiskistofa geti tekið afstöðu til þess hvort að framkvæmd þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum eða ekki.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu


Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur á lax- og silungsveiðisviði

Vegna: Máls nr. 0242/2025, Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Sem sannur íslendingur mótmæli ég uppbyggingu allra vindorkugarða í Íslandi.
Sú mengun og græðgi sem fylgir þessu á ekki heima á Íslandi.

Höfundur: Jónas Davíð Jónasson

Sent inn þann: 07.03.2025



Skorradalshreppur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

2503014 SÓÁ

Umsögn Skorradalshrepps

Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum

Zephyr Iceland ehf. hefur sent Skipulagsstofnun matsáætlun um vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða í Borgarbyggð, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun leitar umsagnar Skorradalshrepps, þann 26. febrúar 2025, um matsáætlunina skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og var fyrst gefin frestur til 26. mars sl.. Í umsögninni skal koma fram hvort sveitarfélagið hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum sveitarfélagið telur að gera þurfi frekari skil eða hafa þurfi sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Zephyr Iceland áformar að reisa vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða í sveitarfélaginu Borgarbyggð (mynd 1.1). Uppsett heildarafl mun líklega verða um 50-70 MW og mögulega yrði garðurinn reistur í áföngum. Gert er ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði um 11-14 og að afl hverrar vindmyllu verði 5-7 MW. Miðað við um 50 MW afl verður árleg raforkuframleiðsla vindorkugarðsins um 180-190 GWst.

Skipulags- og byggingarnefnd hefur ekki komið saman eftir að Skipulagsstofnun óskaði umsagnar um málið fyrr en 29. apríl sl. og eru ábendingar varðandi matsáætlun eftirfarandi:

1) Í kafla 3.3 kemur fram að samhliða þessu verkefni vinnur Zephyr Iceland að athugunum á öðrum svæðum víðs vegar um landið. Þannig mun fást samanburður á einstökum virkjunarkostum. Sökum þess hve virkjun vindsins er skammt á veg komin á Íslandi mun þessi samanburður verða mikilvægur þáttur í að draga upp skýrari mynd af því hvar skynsamlegt og hagkvæmt er að virkja vind hér á landi. Samanburður á framkvæmdakostum snýr fyrst og fremst að uppröðun vindmylla á svæðinu, hæð þeirra og mögulega að því hve stórir og margir áfangarnir verða að teknu tilliti til mismunandi aflsetningar. Fjallað verður um valkosti í uppröðun vindmylla og mögulega áfangaskiptingu í umhverfismatsskýrslu út frá rannsóknum á vindi og niðurstöðum á rannsóknum þeirra umhverfisþátta sem fjallað er um í kafla 5. Við þessa skoðun verða settar fram upplýsingar um raunhæfa valkosti, sem framkvæmdaraðili hefur kannað að teknu tilliti til umhverfisáhrifa. Í umhverfismatsskýrslu verður aðalvalkostur borinn saman við núllkost, þ.e. að ekki verði af framkvæmdum um vindorkugarð.

Að mati sveitarfélagsins er það ekki í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 að bera einvörðungu fyrirhugaða framkvæmd við núllkost, en ekki aðra virkjunarkosti. Í lögum stendur að matsáætlun skuli innihalda lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Sveitarfélagið hafnar því alfarið að lagt verði fram mat á umhverfisáhrifum sem ekki leggur fram raunhæfa valkosti. Slík framsetning er brot á lögum og beinir Skorradalshreppur því til Skipulagsstofnunar að gera skýra grein fyrir því í sínu áliti um matsáætlun.

- 2) Sveitarfélagið óskar eftir því að gerð verði grein fyrir umhverfisáhrifum örplasts og dreifingu þess miðað við ríkjandi vindátt af umræddum vindmyllugarði á lífríki, heilsu almennings, vatnafar og þá sérstaklega áhrif á vatnsból. Vegna mikillar landhæðar þar sem umrædd framkvæmd er fyrirhuguð er ekki útilokað að mengun geti gætt innan sveitarfélagamarka Skorradalshrepps. Spaðar veðrast hratt við að snúast á um 250 km hraða (vængendinn). Epoxy efni BISPHEENOL-A veðrast úr vængjunum. Það dreifist yfir vatnasvæði, votlendi og nærliggjandi vistkerfi. Efnið getur meðal annars valdið ófrjósemi hjá lífverum viðkomandi vistkerfa. Því ætti að banna alfarið uppbyggingu vindorkuvera nálægt vatnasvæðum þar sem neysluvatn almennings á uppruna sinn svo og við upptökusvæði laxveiðiáa eins og í þessu tilfelli Hvítár, Flókadalsár, Grímsár og Tunguár.
- 3) Sveitarfélagið óskar eftir því að gerð verði grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum af olíu og glussavökva sem fæða rafala vindmylla á jarðveg og grunnvatn. Einnig að umhverfisáhrif verði metin ef kviknar í vindmyllu og þá sérstaklega hvaða áhrif það geti haft á gróðurfar ef eldur berst í þurran gróður og jarðveg.
- 4) Sveitarfélagið óskar eftir að gerð verði grein fyrir því í umhverfismati hvaða breytingar þurfi að gera á þjóðvegum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar, þær kostnaðarmetnar og upplýst um hver muni bera þann kostnað. Einnig að það sé upplýst hvernig eigi að tengjast flutningskerfis Landsnets, það kostnaðarmetið og hver beri kostnað af því.
- 5) Varðandi sjónræn áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar s.s. áhrif á landslag, ásýnd, nær samfélag og byggð, miðað við þær forsendur að fyrirhugað framkvæmdasvæði standi í á Hallkelsstaðaheiði í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli og að vindmyllurnar geti orðið allt að 250 metrar (m.v. spaða í hæstu stöðu), telur sveitarfélagið afar brýnt að þessum þáttum séu gerð góð skil við umhverfismatið. Mikilvægt er að lögð séu til grundvallar góð gögn sem auðveldi fólki að átta sig á umfangi framkvæmdarinnar út frá þessum sjónrænu þáttum, en ljóst er að sjónrænna áhrifa mun gæta langt út fyrir framkvæmdasvæðið. Varðandi samráð og samtal við almennig, staðkunnuga og hagsmunaaðila vegna átælaðra myndatökustaða, leggur sveitarfélagið ríka áherslu á slíkt samráð og óskar eftir nánari upplýsingum um það, þegar það liggur fyrir. Ljóst er að fjölga þarf myndatökustöðum vegna sýnileikagreiningar, þar sem sýnileiki vindmyllanna er mjög mikill vegna hæðar þeirra og hversu hátt fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur. Taka þarf mið af vindmyllu í 400 m h.y.s. og með spaða í hæstu stöðu og gera sýnileikagreiningu frá öllum jörðum, bæjarstöðum og núverandi og fyrirhuguðum frístundabyggðum þeirra sem eru í hlíðum sem snúa í norður og verða fyrir áhrifum af sýnileika, þ.e. mögulega á Indriðastöðum, Litlu Drageyri, Stóru Drageyri, Vatnshorni og Bakkakoti. Enn fremur að gera grein fyrir því hvort að og þá hvernig framkvæmdin er sýnileg frá Hálsum, Grund, Vatnsenda, Hvammi, Dagverðarnesi, Stálpastöðum, Háafelli, Fitjum, Sarpi og Efstabæ. Óskað er eftir að samhliða sýnileikagreiningu verði metið hver sjónræn áhrif munu hafa á markaðsvirði fasteigna innan sveitarfélagsins. Bent er enn fremur á í þessu samhengi að í gildi er: Verndarsvæði í byggð er varðar Framdal Skorradals <https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Framdalur-Skorradals.pdf>. Verndarsvæðið afmarkast af heimatúnum bæjanna Háafells, Fitja, Sarps, Efstabæjar, Bakkakots og Vatnshorns. Einnig nær verndin til gömlu þjóðleiðanna sem liggja um lönd fyrrgreindra bæja. Um er að ræða fornar þingleiðir, biskupa- og prestaleiðir m.a. tengdar Fitjakirkju og Þingvöllum, gamlar verleiðir milli landshluta og leiðir til aðdrátta sem lengst af lágu til Hvalfjarðar. Leiðirnar liggja um heiðar og hálsa og verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd. Þjóðleiðirnar eru mikið farnar af göngufólki og skipta máli í uppbyggingu ferðaþjónustu innan sveitarfélagsins.
- 6) Skorradalshreppur telur rétt að fasteignaeigendur í Skorradalnum séu skilgreindir sem hagsmunaaðilar, þó þeir séu ekki með lögheimili í sveitarfélaginu. Á þetta við um frístundahúsaeigendur og mögulega aðra fasteignaeigendur, stjórnir frístundahúsafélaganna og rekstraraðila og fyrirtæki þar sem áhrifa vindorkugarðsins mun gæta.
- 7) Skorradalshreppur bendir á að mikilvægt sé að gerð sé grein fyrir því í umhverfismati hvernig eigi að spennustýra raforkukerfi landsins með svo sveiflukenndri framleiðslu sem vindorkan er.

8) Skorradalshreppur bendir á stefnumörkun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 er varðar vindmyllur, en þar segir: „Smávindmyllur (með rafafli á bilinu 0 - 25 kW, með hámarks þvermál snúningsbrautar 13 m, með hámarks hæð 25 m frá sökklí til efsta odds vængja) eru heimilar á skilgreindum landbúnaðarsvæðum, enda sé svæðið ekki á náttúruminjaskrá eða falli undir ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd.“ Það er því ljóst að fyrirhuguð áform um uppbyggingu vindorkugarðs í landi Þorvaldsstaða samræmist engan veginn stefnu Borgarbyggðar um uppbyggingu vindmylla er varðar stærð, umfang og fjölda mylla og andmælir umræddum áformum harðlega.

9) Í ljósi ofangreinds vill sveitarfélagið fara þess á leit við Skipulagsstofnun að heimila ekki auglýsingu umhverfismats sem ekki er í samræmi við stefnu stjórnvalda, Landsskipulagsstefnu og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga. Að undanförnu hafa sveitarfélög, lögbundnir umsagnaraðilar og íbúar þurft að eyða sínum dýrmætu kröftum í að kynna sér ólíkar framkvæmdir sem jafnvel verða ekki að veruleika. Þetta er óhemju dýrt fyrir samfélagið svo ekki sé minnst á þann sundrung og skaða sem svona mál hafa á samfélagið okkar allt. Það er mat sveitarfélagsins að hér sé verið að lauma framkvæmdum inn bakdyramegin. Því þegar búið er að vinna umhverfismat og gera tilætlaðar rannsóknir munu framkvæmdaraðilar þrýsta á um að framkvæmdir verði teknar inn í skipulagsáætlanir sveitarfélaganna því búið sé að fjárfesta óheyrilega í umræddum verkefnum. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð og sóun á almanna fé. Sveitarfélagið benda á, máli sínu til stuðnings, gildandi Landsskipulagsstefnu og þá sérstaklega markmið um samkeppnishæft atvinnulíf og er undir áherslupunkti C.3, en þar segir:

„Skipulag feli í sér stefnu um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag.

Framfylgd við skipulagsgerð:

1. Skipulag og önnur áætlanagerð um landnotkun í dreifbýli skapi forsendur fyrir nýtingu vindorku eftir því sem aðstæður leyfa, í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérstætt landslag og lífríki og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar. (Dreifbýli)

2. Við skipulagsgerð fyrir vindorkuver verði lögð áhersla á að þau byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi og halda umhverfisáhrifum í lágmarki. (Dreifbýli)

3. Við staðarval og ákvörðun um útfærslu vindorkuvera varðandi fjölda, stærð og niðurröðun vindmylla verði leitast við að lágmarka áhrif á landslag. Tekið verði mið af einkennum landslags, svo sem ráðandi línunum, landformum og hlutföllum í landslagi svæðis. (Dreifbýli)

4. Við staðarval vindorkukosta, skipulagsákvæðanir, umhverfismat og leyfisveitingar verði tekið mið af stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku og þeim viðmiðum sem sett verða um staðsetningu, fjölda og stærð vindorkuvera og um áhrif á umhverfi og samfélag, ekki síst landslag, nærsamfélag, mikilvæg fuglasvæði og farleiðir fugla. (Dreifbýli)

5. Nýting vistvænna orkuauðlinda á haf- og strandsvæðum verði í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérkenni svæðis og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar nýtingar. (Haf og strandsvæði).“

Sveitarfélagið vekur athygli á 4. lið þar sem bent er á að staðarval vindorkukosta, skipulagsákvæðanir, umhverfismat og leyfisveitingar eigi að taka mið af stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku, en upptalningin er í þeirri röð sem eðlilegt má telja að sé eðlileg málsmeðferð. Það er mikilvægt að

Skipulagsstofnun fylgi stefnu stjórnvalda, Landsskipulagsstefnu, aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga og leiki sér ekki að samfélaginu að óþörfu. Kynning á matsáætlun og umhverfismat framkvæmdar á ekki erindi inn í skipulagsgátt, ef hún er ekki í samræmi við ofangreint. Þeir sem hafa kynnt sér þessi mál vita einnig að skort hefur á stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku, en það þýðir ekki að engin stefna sé stefna um uppbyggingu án takmarkana og ekki þurfi að taka tillit til Landsskipulagsstefnu né aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga.

Hvanneyri 30. apríl 2025
Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
skipulagsfulltrúi

Vegna: Máls nr. 0242/2025, Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Bý ekki á svæðinu en er þaðan auk þess að vera Íslendingur og þar af leiðand imálið skylt. Burt með krumlurnar, finnið ykkur heilbrigðari viðfangsefni.

Höfundur: Þóra Elfa Björnsson

Sent inn þann: 02.03.2025

Hvalfjarðarsveit 25. mars 2025

**-Skipulagsstofnun/Skipulagsgátt.
Borgarbyggð**

**Umsögn : Vindorkugarður Þorvaldsstöðum – Mat á umhverfisáhrifum
Mál nr. 242/2025.**

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur farið yfir gögn á Skipulagsgátt vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs í landi Þorvaldsstaða í Hvítársíðu, Borgarbyggð. Heildarafl vindorkugarðsins er áætlað um 50-70 MW og fjöldi vindmylla milli 11 og 14. Árleg raforkuframleiðsla verður um 180-190 GWst. Framkvæmdaaðili er Zephyr Iceland. Hæsta staða vindmylluspaða er áætluð mest 250 metrar. Efnismagn vegna framkvæmda við malarvegi er á bilinu 150.000 m³ til 300.000 m³. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum er unnin af COWI og Zephyr, dagsett í febrúar 2025.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir eftirfarandi athugasemdir:

2.1. Landskipulagsstefna 2015-2026.

Í landskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að taka afstöðu til þess við skipulagsgerð hvort möguleiki sé á orkuframleiðslu í dreifbýli með vindorku, í sátt við náttúru og samfélag. Ekki er unnt að skilja hvernig hægt er að byggja svona mannvirki í sátt við náttúru, þar hlýtur alltaf að halla á náttúru. Ekki liggur fyrir afstaða sveitarfélagsins til bygginu virkjunarinnar. Það væri nær að fá það á hreint til að byrja með áður en ráðist er í mikla vinnu. Sveitarfélagið þarf að breyta landbúnaðarsvæði sem liggur ofan við 400 m.y.s í iðnaðarsvæði. Þarna er vatnasvæði þar sem eru enginn mannvirki og telst til óbyggðra víðerna. Stór hluti þeirra ósnortinna víðerna sem finna má í Evrópu eru staðsett hérlandis og er því mikilvægt að hugað sé að verndun þeirra, enda ljóst að verðmæti slíkra svæða mun hækka í framtíðinni þar sem ósnortnum víðernum í heiminum fer fækkandi.

2.5 Verndarsvæði.

Heilbrigðiseftirlitið vill vekja athygli á að mikið vantar uppá að öll vatnsból séu skráð í skipulag og sama er að segja um verndarsvæði vatnsbóla... „Framkvæmdasvæðið nær inn á svæðið Arnarvatnsheiði, sem skilgreint hefur verið sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er tilnefnt til B-hluta náttúruminjasráð vegna vistgerða á landi, ferskvatns vistgerða og fugla. Svæðið er einnig innan svæðis nr. 209 á náttúruminjasráð, Arnarvatnsheiði og

Tvídægra, sem auk þess er skilgreint sem önnur hverfisverndarsvæði í dreifbýli Borgarbyggðar í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Rétt norðan við framkvæmdasvæðið er vatnsverndarsvæði flokkað sem fjarsvæði en nokkuð er um flóa innan svæðisins sem njóta hverfisverndar (Borgarbyggð, 2012). ..“.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að íhuga þurfi vel og vandlega hverju skulu fórnað af þáttum náttúrunnar (s.s vatnssvæði og alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði) til að byggja upp vindorkugarð og hver verður kostnaður náttúrunnar.

3. Framkvæmd

3.1. Tilgangur og framkvæmd.

Því er haldið fram að vegna hagkvæmni í vindorkutækniver séu virkjun vinds á Íslandi forsenda þess að áfram verði unnt að bjóða fyrirtækjum og almenningi raforku á sem hagkvæmustu verði. Hversu áreiðanleg er þessi fullyrðing og á hverju byggir hún ? Það verður að teljast harla ólíklegt að það verði markmið einkafyrirtækis á fá lágt verð fyrir framleiðslu sína svo almenningur og fyrirtæki fái notið.

3.2 Framkvæmdalýsing

Tafla 3.3.

Upplýsa þarf hvað 1.500 m² kranaplan þýðir í umferð steypubíla. Einnig þarf að upplýsa um aðra umferð á framkvæmdatímanum hvað hún þýðir í fjölda ferða þungaumferðar. Bent er á að meiri hætta er á slysum og óhöppum á vetrartíma sem gæti valdið mengun í vatnaumhverfi og örðum vistkerfum.

3.2.4 Efnispörf og efnisöflun

Sækja þarf um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits fyrir námur og framkvæmdir sem tengjast uppbyggingunni sbr. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Nýlagning malarvega er áætluð á bilinu 8-12 km vegna þessa verkefnis. Efnismagn vegna framkvæmda við malarvegi er á bilinu 150.000 m³ til 300.000 m³.

3.2.3 Aðkomuvegur og flutningur að svæði.

Þarna er verið að flytja stóran og þungan farm um frekar bágborið vegakerfi. Mengunarhætta gæti skapast ef hlutirnir ganga ekki upp, þar sem flutningstæki eru knúin af olíuvélum.

5.3 Hljóðvist

Það getur verið erfitt að meta ónæði sem skapast vegna stöðugs hljóðs eða niðar frá vindmyllum sér í lagi þar sem var þögn áður. Ónæði mælist ekki endilega ofan eða neðan við ákveðin mörk en geta haft neikvæð áhrif á lýðheilsu og lífsgæði. Ónæði er skilgreint sem veruleg eða ítrekuð truflun eða áreiti af völdum hávaða sem sker sig úr því umhverfi sem um ræðir. Jafngildishljóðstig er ekki heppilegt til að lýsa ónæði en L_{den} hefur verið notað til að lýsa heildarónæði.

5.5.1 Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

5.8.2 Aðferðir og þættir sem lagt verður mat á.

Geta þarf um olíumagn sem verður til staðar í vindmyllum og tengdum mannvirkjum. Tegund olíu og viðhaldspörf. Einnig ef gert er ráð fyrir að olíumannvirki verði staðsett innan framkvæmdasvæðis hvort heldur er á framkvæmdatíma eða rekstartíma. Þá bendir heilbrigðiseftirlitið einnig á að vinnubúðir fyrir starfsmenn á framkvæmdatíma, ásamt fráveitu og neysluvatni er starfsleyfiskyld.

HEILBRIGDISEFTIRLIT
Asta Lidsmendothir

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

25.mars 2025
2025-03-21/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um matsáætlun fyrir vindorkugarð á Þorvaldsstöðum

Landsneti barst, þann 26. febrúar 2025, beiðni um að veita umsögn um matsáætlun fyrir vindorkugarð á Þorvaldsstöðum í Borgarbyggð, mál nr. 242/2025 í Skipulagsgáttinni. Um er að ræða matsáætlun fyrir vindorkugarð með uppsett afl 50-70 MW sem mögulega yrði reistur í áföngum. Umsagnafrestur er til 26. mars 2025.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Um Borgarfjörð liggur *Hrútatungulína 1*, sem er 132 kV loftlína á vegum Landsnet. Fyrirtækið vinnur jafnframt að undirbúningi *Holtavörðuheidiarlínu 1* sem er fyrirhuguð á svipuðum slóðum. Um er að ræða 220 kV raflínu frá Klafastöðum í Hvalfirði að nýjum tengipunkti á Holtavörðuheidi. Fyrirhugaður vindorkugarður er staðsettur fjarri þessum flutningslínunum, þannig að ólíklegt er að bygging vindmylla geti haft áhrif á þær.

Tenging við flutningskerfið

Í kafla 1.2 í matsáætluninni er fjallað um kosti staðsetningar vindorkugarðsins m.t.t tengingar við flutningskerfið. Í framkvæmdalýsingu í kafla 3.2.5 kemur fram að raforka frá vindorkugarðinum verði flutt, að öllum líkindum um jarðstreng, inn á núverandi flutningskerfi Landsnets. Sú tenging gæti orðið á bilinu 17-46 km að lengd eftir því hvaða tengivirki er um að ræða. Mögulegar leiðir jarðstrengs verði skoðaðar með tilliti til landfræðilegra aðstæðna, umhverfisáhrifa og tæknilegra lausna. Fram kemur að samráð verði haft við Landsnet varðandi greiningu á mögulegum tengingum við flutningskerfið, útfærslu þess og valkostum auk rafspennu á fyrirhuguðum jarðstrengjum.

Landsnet ítrekar mikilvægi þess að samráð verði við fyrirtækið um tengimöguleika og að fjallað verði um það í umhverfismatsskýrslu. Landsnet leggur á það mikla áherslu að greining á mögulegum tengingum við flutningskerfið, og útfærslum þar á, fari fram í samráði við Landsnet eins og lýst er í skilmálum fyrirtækisins um tæknilegar kröfur til vinnslueiningar, sbr. 7. kafla netmála Landsnets D1¹.

Brýnt er að huga sérstaklega að því að tengimöguleikar falli að framtíðarhugmyndum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins á svæðinu. Enn fremur þarf að kanna sérstaklega hvort mögulegar jarðstrengslagnir frá vindorkuverinu að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku.

Landsnet mun óska eftir niðurstöðum kerfisgreininga framkvæmdaraðila á áhrifum fyrirhugaðs vindorkuvers á rekstur flutningskerfisins og ef þurfa þykir óska eftir frekari gögnum og greiningum frá framkvæmdaraðila.

Kerfisáætlun

Í öðrum kafla matsáætlunarinnar er fjallað um skipulag og aðrar áætlanir. Þar eru m.a. tilgreindar gildandi skipulagsáætlanir og rammaáætlun. Landsnet vill í því sambandi benda á Kerfisáætlun Landsnets², sem var samþykkt af Orkustofnun 6. febrúar 2024 og innan skamms verður kynnt Kerfisáætlun Landsnets 2025-2036, sem æskilegt er að framkvæmdaraðili kynni sér við frekari undirbúning framkvæmdarinnar.

¹ <https://www.landsnet.is/vidskipti/netmali/skilmalar-um-taeknilegar-krofur-til-vinnslueininga-d1/>

² <https://landsnet.is/page/777a9be4-c458-4f10-b5ac-c37a4e7b168e>

Leyfi

Leyfi Landsnets þarf vegna tenginga við flutningskerfi fyrirtækisins. Einnig þarf leyfi Landsnets vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri, þar með talið háfermisflutninga undir háspennulínum fyrirtækisins.

Virðingarfyllst

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

Vegna: Máls nr. 0242/2025, Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ísland býr að ósnortnum víðernum og þar berum við ábyrgð á heimsvísu vegna fuglalífs og dýrmætra vistkerfa. Ekki síst ber okkur að vernda laxveiðiár vegna villta laxins, en orkuna frá vindmylluverum á m.a. að nota til laxeldis. Opnar sjókvíar ætti þegar að banna, því reynslan í Noregi sýnir að loka verður laxveiðiám vegna sleppinga úr eldi (einnig landeldi). Þar á Borgarfjörður og Vesturland allt gríðarlegra hagsmuna að gæta. Ferðaþjónustan í heild mun bíða skaða af uppsetningu vindmylluvera í landslaginu með tilheyrandi tekjutapi, enda sýna rannsóknir að það er náttúra landsins sem er helsta ástæða fyrir komum ferðamanna.

Höfundur: Guðrún Birna Eiríksdóttir

Sent inn þann: 02.03.2025

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit 27. mars 2025

Málsnr. 2502031

Efni: Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum - umsagnarbeiðni

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd Hvalfjarðarsveitar bókaði á fundi sínum 19. mars 2025:

„Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd Hvalfjarðarsveitar vísar til stöðuskýrslu starfshóps sem umhverfis-, orku og loftslagsráðherra skipaði sumarið 2022, sem hafði m.a. það hlutverk að skoða og gera tillögur til ráðherra um nýtingu vindorku, þar á meðal um lagaumhverfi hennar og hvernig tekið verði á ýmsum álitamálum. Í skýrslu starfshópsins sem kom út í apríl 2023 kemur m.a. fram að skýra og greinargóða heildarstefnumörkun vanti frá íslenskum stjórnvöldum um virkjun vindorku og hefur þess verið beðið í Hvalfjarðarsveit að slík stefna verði samþykkt á Alþingi.

Verkefnisstjórn rammaáætlunar kynnti (fyrra umsagnarferlið skv. ákvæðum laga um verndar og orkunýtingaráætlun) í samráðsgátt stjórnvalda, drög að tillögum verkefnisstjórnar sem er flokkun tíu vindorkukosta og var frestur til að veita umsögn um drögin að flokkun 10 virkjunarkosta til og með 10. janúar sl.

Skv. tillögum verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar eru tillögur um eftirfarandi vindorkuverkefni þ.e. Alviðra, Garpsdalur, Hnotasteinn, Hrútavirkjun, Hrútmúlavirkjun, Mosfellsheiðarvirkjun I, Mosfellsheiðarvirkjun II, Reykjanesgarður, Sólheimar og Vindheimavirkjun.

Ljóst er að vindorkugarður á Þorvaldsstöðum er ekki hluti af þeim 10 vindorkukostum sem verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur sett fram til þessa og því ítrekar USNL-nefnd að skýra og greinargóða heildarstefnumörkun vantar frá íslenskum stjórnvöldum / Alþingi um virkjun vindorku á Íslandi og telur USNL-nefnd það vera grundvöll þess að hægt sé að gefa umsagnir um einstök vindorkuverkefni.

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gerir þó á þessu stigi málsins eftirfarandi ábendingar/athugasemdir við umhverfismatsáætlunina.

Vill nefndin benda á hvort meta þurfi samlegðaráhrif vegna áforma um aðra vindorkugarða á Norðvesturlandi svo sem við Garpsdal, Hróðnýjarstaði, Grjótháls, Múla, Tjörn á Vatnsnesi, Hælsheiði í Flókadal og fl. Þótt uppskipun og flutningur vindmyllu og vindmylluspaða um Grundartangahöfn og þjóðvegakerfið sé úrlausnarefni framkvæmdaraðila í nánú samstarfi við Grundartangahöfn, Vegagerð og eftir atvikum lögreglu, hafi það ekki áhrif á skipulagsmál sveitarfélags Hvalfjarðarsveitar að því að best verður séð. Um er að ræða aukinn flutning á framkvæmdatíma sem mun hafa tímabundin áhrif á aðliggjandi svæði og aðra vegfarendur. Telur nefndin að meta þurfi samlegðaráhrif allra þeirra vindmyllukosta sem þegar eru í undirbúningi. Nefndin telur hins vegar að aðstæður í Grundartangahöfn séu góðar en vill þó beina því til framkvæmdaraðila að leitast verði við að tímasetning flutninga verði þannig að þeir hafi sem minnst áhrif á aðra vegfarendur.

Í matsáætlun um vindmyllugarð á Þorvaldsstöðum í Borgarbyggð segir að fyrirhugað framkvæmdasvæði verði í um 400 m hæð yfir sjó. Gerð hafi verið frumathugun á fræðilegum sýnileika til vindmylla á svæðinu sem sjá má á mynd 5.1. Myndin sýnir á hvaða svæðum gæti fræðilega sést til vindmyllanna þegar tekið er tillit til landslags, en sýnileikakortið sýnir 45 km áhrifasvæði vindmyllanna með spaða í hæstu stöðu u.þ.b. 250 m. Skv. sýnileikakorti sést að áhrifasvæði vegna vindmyllanna nær yfir í sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit.

Því óskaði deildarstjóri Umhverfis- og skipulagsdeildar eftir ítarlegri gögnum vegna sýnileika til að hægt sé að átta sig betur á þeim sýnileikasvæðum sem eru innan marka sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar.

Hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að óska eftir því að Hvalfjarðarsveit verði bætt við á lista yfir myndatökustaði fyrir ásýndarmyndir sbr. tafla 5.1. “

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar bókaði á fundi sínum 26. mars 2025:

„Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir og staðfestir bókun nefndarinnar.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og skipulagsdeild Hvalfjarðarsveitar

Til Skipulagsstofnunar vegna Matsáætlunar um vindorkuver á Þorvaldsstöðum.

Fyrirtækið Zephyr Iceland ehf, dótturfyrirtæki hins norska Zephyr heldur hér áfram að merkja sér mögulega staði á Íslandi fyrir uppsetningu á vindorkuveri sem það hyggst fá leyfi til að reisa, nú í landi Þorvaldsstaða. Það er ekki að sjá að fyrirtækið telji það fyrirstöðu að sveitarfélagið, í krafti íbúa, hefur markað þá stefnu að raska ekki því svæði sem um ræðir, sbr. kafla 2.2. í matsáætluninni um aðalskipulag Borgarbyggðar en þar segir:

„Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru hverfisverndaðir flóar en samkvæmt aðalskipulagi eru framkvæmdir sem raska vatnabúskap og vistkerfi flóa undir hverfisvernd ekki heimilar nema með leyfi sveitarstjórnar. Svæðið er einnig innan náttúruverndarsvæðisins Tvídægra - Arnarvatnsheiði sem er skilgreint sem önnur hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi og þar segir um svæðið að óheimilt sé að raska umhverfi og dýralífi svæðisins nema með leyfi sveitarstjórnar, að uppbygging mannvirkja sé óheimil á svæðinu nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og að stefnt skuli að áframhaldandi samstarfi við Umhverfisstofnun um verndun/friðun svæðisins (Borgarbyggð, 2011).“

Fyrirtækið segir að nauðsynlegt sé að breyta aðalskipulaginu og afmarka „iðnaðarasvæði“ á fyrirhuguðu virkjunarsvæði. *Rétt eins og það sé ekkert mál!* Hér mun því reyna verulega á sveitarstjórn að standa á fyrri samþykktum og óskandi er, að hún ljái ekki máls á því að eyðileggja náttúruverndarsvæði á þessu stórkostlega landsvæði í Borgarfirðinum.

Ég skora á Skipulagsstofnun að ígrunda vandlega í áliti sínu um matsáætlunina að það er mikil andstaða í Borgarfirði (og víðar) við áform um uppbyggingu vindorku í héraðinu. Fólk sem hefur kynnt sér málið, berst fyrir því að upplýst verði m.a. um þá mengun sem hlýst af þeim mannvirkjum sem um ræðir og um þann skaða fyrir lífríkið sem verður af þeim gríðarlegu framkvæmdum sem fylgja þessum stórkallalegu áformum.

Stöndum vörð um okkar einstöku náttúru og hennar ómetanlegu gæði, þar með okkar óbyggðu víðerni. Þetta eru gæði á heimsvísu sem ótrúlegt glapræði væri að spilla með þeim hætti sem lýst er í umræddri matsáætlun. Stöðvum þessi ógnarlegu áform strax.

Virðingarfyllt,
K. Hulda Guðmundsdóttir
Fitjum, Skorradal

Umsögn um matsáætlun vegna vindorkugarðs á Hallkelsstaðaheiði, Þorvaldsstöðum, Hvítársíðu í Borgarfirði.

Inngangur

Hér er lögð fram umsögn um matsáætlun vegna vindorkugarðs á Þorvaldsstöðum (Hallkelsstaðaheiði) í Hvítársíðu í Borgarfirði.

Undirritaður á að baki störf í 25 ár á sviði sveitarstjórnarmála. Á undanförunum árum hefur leiðsögn erlendra ferðamanna um landið verið aðalverkefni undirritaðs. Það er því út frá fyrrgreindum bakgrunni sem eftirfarandi umsögn er skrifuð.

Almennt má segja að það vekur furðu hvað flestar lykilstærðir í matsáætluninni eru ónákvæmar og hve lítlar upplýsingar liggja fyrir um þau atriði sem mestu máli skipta varðandi svo stórt inngrip í náttúru Borgarfjarðar og borgfirskt samfélag.

Hér verða lagðar fram ýmsar athugasemdir og ábendingar við þær upplýsingar sem þó liggja fyrir í matsáætluninni.

Fyrst verður að gera athugasemd við þá fullyrðingu sem kemur fram í línu nr. 2 í inngangi matsáætlunarinnar.

Þar er fullyrt að fyrirtækið Zephyr Iceland, sem er dótturfyrirtæki norska vindorkufyrirtækisins Zephyr, vilji bjóða upp á „*umhverfisvæna orku á hagkvæmu og samkeppnishæfu verði*“

Það er erfitt að sjá hvernig hægt er að auglýsa vindorku sem umhverfisvæna og hagkvæma orku á samkeppnishæfu verði miðað við þá reynslu sem fengist hefur af nýtingu vindorku í nágrannalöndum Íslands. Vindorka er að öllum líkindum verstí valkostur við framleiðslu á rafmagni út frá umhverfissjónarmiðum, að undanskyldum kolaverum, þegar allt er talið saman.

Umhverfisspjöll og jarðrask eru gríðarleg við sjálfa framkvæmdina auk þess sem sjónræn áhrif ná yfir gríðarstórt svæði. Áhrif vindorkuvera á fuglalíf eru óumdeilanleg og mengunarhætta er veruleg, bæði vegna veðrunar á eitruðu Epoxy efni úr vængjum vindorkuveranna svo og eru í hverjum mótör allt að 2.000 lítrar af olíu sem getur mengað nánasta umhverfi ef og þegar mótórar vindorkuveranna eyðileggjast. Að lokum er algerlega ófyrirséð hvað verður gert við mannvirkin að endingartíma þeirra loknum því öll fyrirheit um að eigendur vindorkugarðanna muni taka þau niður eru ekki pappírsins virði.

Fyrirtækið COWI, sem vann umhverfismatsskýrsluna, hefur mörg orð um hve öflugt það er á þessu sviði. Það vekur strax ákveðna tortryggni, því gæði skýrslna af þessu tagi eiga að tala fyrir sig sjálf og því ætti að vera óþarft fyrir höfunda hennar að fjölyrða um eigið ágæti.

Ekkert liggur fyrir um til hvaða aðlia verður leitað til vegna rannsókna á umhverfisáhrifum framkvæmda, og er það eitt dæmi um alla þá óvissu sem er að finna í matsáætluninni.

Fullyrt er í matsáætluninni að fyrirtækið Zephyr búi yfir mikilli reynslu á sviði vindorku s.s. í Noregi.

Það þarf hins vegar ekki að leita lengi á netinu til að fá upplýsingar um að norska fyrirtækið Zephyr er ekki vinsælt af öllum þarendum.

Eftirfarandi texti er ágætt dæmi þar um:

<https://www.fvn.no/mening/debattinnlegg/i/EQ8403/hva-zephyr-ikke-sier-naar-de-vil-bygge-vindkraftverk>

„Vi har flere ganger blitt opplyst om vindkraftens fortrefelighet fra utbygger, og før helgen spratt et troll opp av esken: Zephyr AS vil bygge vindkraftverk med tolv turbiner, opp til 252 meter høye på Gautestad i Evje og Hornnes. Og de har flere prosjekter på gang! Mens eierkommunene til Å Energi (tidligere Agder Energi og Glitre Energi) så seint som i mai i år vedtok nei til vindkraftsatsing i selskapet, vil altså Zephyr bedrive en slags kommunal kannibalisme og bygge ned Agder-naturen. De har gjort lignende før. De stod bak utbyggingen på Haramsøya mot innbyggernes vilje og med store konsekvenser for fuglefredningsområder, brønner og befolkningens helse og trivsel.”

Og síðar í sömu grein:

„Grunneier hevder at «noen må si ja om vi skal få til grønn energi i Norge» – og blottstiller samme forretningsmodell som rundt 2019, da motstanden ble stor. Prosjekter starter med gunstige og hemmelige avtaler med grunneiere, overdrysses med «grønt», «arbeidsplasser» og «plikt» – og gir kraftig overrepresentasjon av små kommuner med svak økonomi og gjerne har lite saksbehandlingsressurser.”

Í meðfylgjandi frétt kemur fram sérstök aðvörðun frá íbúum á Haramsøya til Íslendinga um að láta ekki blekkjast af loforðum fyrirtækisins Zephyr varðandi uppbyggingu vindorkuvera.

<https://www.nrk.no/mr/vindkraftmotstandarar-atvarar-island-mot-zephyr-1.15372350>

Þeir lýsa reynslu sinni af fyrirtækinu á eftirfarandi hátt:

Sende brev til Island:

„No vil dei hindre at islendingar skal tape sin natur til vindturbinar og har sendt brev til islandske politikarar og media med ei átvaring. Utbyggaren Zephyr har planar om fleire vindkraftprosjekt på Island.

– Vi vil ikkje at folk på Island skal oppleve dette. Folk blir overkøyrte og vi blir ikkje høyrte, seier Jill Smith.”

Og hér:

<https://www.europower.no/vindkraft/moter-vindkraft-motstand-overalt-men-er-utrolig-nok-fortsatt-optimist/2-1-1601030>

„Vindkraftselskapet Zephyr møter motstand alle steder de viser seg. Styrken i protestene og hvor de kommer fra varierer, men motstand er det overalt.

De siste månedene har de varslet flere mulige prosjekter, og hver gang skriver lokalaviser om vindkraftmotstand.”

Þetta ástand er það sem fyrirhugað er að yfirfæra til Íslands.

Rök forstjóra Zephyr í þessu sambandi eru þau að Íslendingar hljóti að skilja að það sé þörf fyrir aðgerðir í loftslagsmálum þar sem þeir hafa nú þegar tapað sínum fyrsta jökli:

„Olav Rommetveit i Zephyr seier at dei har full forståing for at det er delte meiningar om vindkraft i nærmiljøet, men synest det er trist at vindkraftmotstandarane som står bak brevet ikkje ser behovet for kutt av fossile utslepp og eit grønt skifte.

– Island har allereie mista sin første isbre som fylgje av global oppvarming. Islendingane forstår at det er behov for eit grønt skifte, seier Rommetveit.”

Þarna er forstjórinn að vísa í fullyrðingar um að jökullinn á OKi, þar sem kannski var aldrei neinn jökull, sé orðinn að sköflum, mjög áþekktum að stærð eins og skaflarnir á OKi hafa verið áratugum saman.

Langt er seilst.

Skortur á regluverki

Fyrir liggur að engin lagasetning og ekkert regluverk er til staðar á Íslandi sem rammar inn uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi, hvað þá vindorkuvera sem eru í eigu erlendra fyrirtækja. Því er skiljanlegur gríðarlegur áhugi erlendra stórfyrirtækja á að skapa sér fótfestu hérlandis til að byggja vindorkuver, meðan ekkert regluverk er til staðar.

Sökum þessa ættu sveitarstjórnir, Skipulagsstofnun og Verkefnisstjórn rammaáætlunar að vísa frá öllum umsóknum um mat á fyrirhugaðri uppbyggingu vindorkuvera, þar til fyrir liggur eftir hvaða reglum skal unnið í því sambandi.

Aldrei síðan hefur verið tekin almenn og opin umræða um hvort vindorkuver henti yfir höfuð á Íslandi, hvaða áhrif þau munu hafa bæði á nærsamfélagið svo og á landsvísu hvað varðar þróun raforkuverðs né heldur á hvort og hvaða áhrif gríðarleg uppbygging vindorkuvera um land allt muni t.d. hafa á áhuga erlends ferðafólks að sækja landið heim. Í því sambandi má

minna á að mikill áhugi erlends ferðafólks hefur haft gríðarlega mikil og jákvæð áhrif á uppbyggingu og framboð þjónustu um land allt. Engin atvinnugrein hefur haft viðlíka jákvæð áhrif á viðsnúning atvinnulífs og búsetu á liðnum árum á landsvísu eins og ferðaþjónustan.

Það virtist sem svo að forðast væri að minnast á mál tengd vindorkuverum í fjölmiðlum í aðdraganda síðustu kosninga til Alþingis.

Umræðan hefur á hinn bóginn einskorðast af síbyljuáróðri um orkuskort í landinu sem verði að bregðast við hraðar en hratt og kosti það hvað það kosta vill.

Ef sífellt á að bregðast við stöðugt aukinni ásókn erlendis frá eftir ódýrri orku á Íslandi, með nýjum og nýjum virkjunum, þá er sú eftirspurn endalaus og ótæmandi.

Af þessum sökum ætti að setja öll þau svæði sem hafa verið skilgreind sem iðnaðarsvæði, þar sem fyrirhugað er að reisa ótölulegan fjölda af risavöxnum vindorkuverum, í verndarflokk.

Sérstaka athygli vekur að Zephyr Iceland, sem stendur m.a. að fyrirhuguðum verkefnum í Borgarfirði, er erlent fyrirtæki. Engin stefna hefur verið mótuð um erlent eignarhald á orkuinnviðum og annarri starfsemi sem tengist nýtingu náttúruauðlinda landsins. Í þessu samhengi þarf að taka mið af öryggishagsmunum, efnahagslegum áhrifum og langtímahagsmunum ríkis, sveitarfélaga og almennings.

Umræða og stefnumótun um erlent eignarhald á auðlindum og orkuinnviðum er lykilatriði, enda snertir hún grunnildi þjóðaröryggis, sjálfbærni og fullveldi. Framkvæmd eins og sú sem hér um ræðir ætti því ekki að vera komin í formlegt ferli hjá Skipulagsstofnun án þess að skýrt lagaumhverfi hafi verið mótað. Þar á meðal þarf að tryggja að ákvarðanir um eignarhald og nýtingu auðlinda taki mið af langtíma hagsmunum landsins og þeirra sem hér búa.

Það er því ljóst að núverandi staða málsins er ótímabær og óásættanleg, þar sem bæði skortir lagaumgjörð um uppbyggingu vindorkuvera svo og víðtæka umræðu um samfélagsleg, umhverfisleg og öryggistengd áhrif slíkra framkvæmda um land allt eins og fyrirhugað er. Aðgerðir sem fela í sér sölu eða yfirráð erlendra aðila yfir íslenskum orkuinnviðum og íslenskum auðlindum geta bæði haft óafturkræf áhrif á efnahag og náttúru landsins til allrar framtíðar og því ber að stöðva ferlið á meðan nauðsynleg stefnumótun á sér stað og á meðan lagaumgjörð um slík verkefni er ekki til staðar.

Nánar um staðsetningu vindorkugarðs á Hallkelsstaðaheiði í landi Þorvaldsstaða.

Hallkelsstaðaheiði liggur innarlega í Hvítársíðu í nágrenni Arnarvatnsheiðar.

Vindorkugarðurinn mun því blasa við öllum þeim sem keyra upp Hálsasveit og Hvítársíðu að fjölsóttum ferðamannastöðum s.s. Hraunfossu og Húsafelli. Fjölmörg önnur fyrirtæki eru einnig á þessum slóðum sem tengjast ferðaþjónustu á verulegan hátt s.s. hótélrekstur,

hestaferðir, jöklaferðir, hellaskoðun, fiskveiði í vötnum Arnarvatnsheiðar og gönguferðir um heiðalönd. Þannig mætti áfram telja.

Þannig liggur fyrir að fyrirhugað iðnaðarsvæði þar sem á að reisa vindorkuver er staðsett í einu vinsælasta, fjölsóttasta og þekktasta ferðamannasvæði Vesturlands.

Í aðalskipulagi Borgarbyggðar er Hallkelsstaðaheiði (Þorvaldsstaðir) skilgreind sem landbúnaðarland. Hallkelsstaðaheiði er einnig ósnortið votlent heiðaland sem má flokka sem ósnortið víðerni.

Í Aðalskipulagi Borgarbyggðar er kveðið á um að við hönnum mannvirkja á landbúnaðarlandi sé lögð „áhersla á að þau falli vel að náttúrulegu umhverfi.“

Varla er hægt að hugsa sér mannvirki sem falla ver að ósnortnum víðernum en vindorkuver sem gnæfa í allt að 250 metra hæð yfir nágrenni sitt. Til samanburðar má benda á að Hallgrímskirkja er 74 metra há og því er hæð vindorkuvers, sem er 250 metra hátt, nálægt 3,5 sinnum hæð Hallgrímskirkju.

Markmið fyrirtækisins Zephyr er að fá að sveitarstjórn Borgarbyggðar til að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna verkefnisins og skilgreina heiðina sem iðnaðarsvæði.

Þá er brautin greið ef það gengur eftir.

Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru t.d. að finna hverfisverndaða flóa. Samkvæmt aðalskipulagi Borgarbyggðar eru framkvæmdir sem raska vatnabúskap og vistkerfi flóa undir hverfisvernd ekki heimilar „nema með leyfi sveitarstjórnar“.

Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru einnig hverfisverndaðir fossar og flúðir sem ekki er heimilt að skerða samkvæmt aðalskipulagi, „nema að sveitarstjórn breyti aðalskipulagi sveitarfélagsins“.

Syðsti hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðisins Húsafell – OK sem er skilgreint sem fjölbreytt útivistarsvæði í aðalskipulagi. Þar segir að öllu raski skuli haldið í lágmarki á svæðinu „nema að sveitarstjórn breyti aðalskipulagi“.

Svæðið er einnig innan náttúruverndarsvæðisins Tvídægra – Arnarvatnsheiði, þar sem óheimilt er að raska umhverfi og dýralæfi svæðisins nema með leyfi sveitarstjórnar. Uppbygging mannvirkja er óheimil nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og stefnt skuli að ágræmldandi friðun svæðisins.

Hér er því búið að stika út framkvæmdasvæði, þar sem fyrirhugað er að reisa allt að 14 risavaxin vindorkuver, sem að langmestu leyti er undir hverfisvernd í Aðalskipulagi Borgarbyggðar af ýmsum ástæðum, og flokkast að hluta sem fjölbreytt útivistarsvæði.

Því mun fyrirtækið leita eftir því við sveitarstjórn Borgarbyggðar að hún breyti aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir fyrrgreint svæði og skilgreini það sem iðnaðarsvæði, burtséð frá allri sérstöðu svæðisins.

Stærð undirstöðu vindorkuvers getur verið nokkuð mismunandi. Þegar hægt er að festa undirstöðurnar (fótstykkið) í fast berg þá getur dugað að hafa um 400 m³ af steypu í fótstykkinu. Ef slík festing er ekki fyrir hendi þá þarf fótstykkið að vera mun stærra og efnismeira.

Almennt er gert ráð fyrir að ef ekki tekst að festa undirstöður vindorkuvers í fast berg þá þurfi mun meira eða 800 - 1000 m³ af steypu í undirstöðu (fótstykki) hvers vindorkuvers. Aukþess þarf um 40 tonn af stáli í fótstykkið.

Hver steypubíll tekur um 5,5 – 6,0 m³ af steypu.

Því gæti þurft um 75 – 100 steypubíla fyrir hverja undirstöðu vindorkuvers. Það væri því um 2.500 – 3.000 steypubílar sem færu um nálgt vegnakerfi á meðan framkvæmdir við vindorkugarðinn standa yfir.

Þar til viðbótar eru margháttaðir aðrir þungaflutningar, s.s. flutningur á 100 metra löngum farni frá löndunarhöfn að byggingarstað.

Hér er því verið að leggja til þungaflutninga um vegi í uppsveitum Borgarfjarðar sem eiga engan sinn líka. Ekki má gleyma því að Zephyr hefur lagt fram áætlanir um annað iðnaðarsvæði á Hælsheiði í Flókadal með allt að 30 vindorkuverum.

Þungaflutningar frá Grundartangahöfn að fyrirhuguðum iðnaðarsvæðum eftir þjóðveginum frá Grundartangahöfn upp Borgarfjarðarbraut yrðu því í slíku umfangi að erfitt er að sjá hvernig núverandi vegakerfi gæti borið þá, bæði hvað varðar umferðina sem slíka á einum fjölfarnasta hluta að Hringvegi 1 svo og hvað varðar burðarþol umræddra vega.

Fram kemur á bls. 11 að efnistökuþörf sé á bilinu 150.000 m³ og 300.000 m³. Þessar grófu tölur segja ekkert annað en að algerlega er ókannað hvað mikið sé hægt að nýta úr grunnum vindorkuveranna í framkvæmdaplön og vegi og hvað sé hægt að sækja í nálægar námur. Fyrir liggur að ekki sé framkvæmdaleyfi fyrir nýtingu þeirra náma sem vísað er í.

Það er áþekk framsetning eins og var að sjá í matsáætlun Zephyr vegna vindorkugarðs á Hælsheiði í Flókadal. Þar var vísað í möguleika á efnistöku úr námum sem búið er að loka og án þess að ræða við eiganda námanna.

Rekstur vindorkugarðsins

Í matsskýrslunni (bls 8) eru fullyrðingar settar fram um að kostnaður við vindorkutækni hafi lækkað hratt og því sé vindorka samkeppnishæf gagnvart jarðvarma og vatnsafla hér á landi.

Engin rök eru færð fyrir þessum fullyrðingum. Því verður að líta á þær eins og hvert annað tal sem engin innistæða er fyrir.

Skýrsluhöfundar minnst til dæmis ekki á þörf vindorkuvera fyrir varaafli eða bakhjarl í formi vatnsaflsvirkjana. Vindorkuver þurfa varaafli til að tryggja afhendingu rafmagns þegar logn ríkir. Landsvirkjun hefur lýst því yfir að fyrirtækið hafi ekkert varaafli afgangi frá vatnsaflvirkjunum sínum sem vindorkuver geta nýtt sér. Reynslan af rekstri vindorkufyrirtækja í Svíþjóð er á þann veg að vatnaflsvirkjanir, sem eiga að tryggja vindorkuverum varaafli, fríhjóna í um 35% af nýtingartíma virkjananna. Eðlilega eru ekki fyrir hendi tiltækar upplýsingar um þörf fyrir varaafli hérlandis.

Það að vindorkuver hafi þörf fyrir varaafli í formi vatnsaflsvera og/eða jarðvarmavera getur ekki þýtt annað en hærra orkuverð.

Því gengur sú fullyrðing ekki upp að virkjun vinds á Íslandi sé ein af forsendum þess að á Íslandi verði áfram unnt að bjóða fyrirtækjum og almenningi raforku á sem hagkvæmustu verði.

Reynslan frá nágrannalöndum okkar á þessu sviði hefur leitt það í ljós að raforkuverð í löndum, sem framleiða verulegan hluta af rafmagni sínu með vindorku, er verulega hærra en á Íslandi og í ýmsum tilvikum mörgum sinnum hærra.

Alþekkt er frá nágrannalöndum Íslands að vindorkuver njóta opinbers stuðnings annað hvort í formi opinberra niðurgreiðslna eða að raforkuverð hefur rakið upp úr öllu valdi með velvilja yfirvalda.

Í Suður Svíþjóð (raforkusvæði 4), þar sem vindorka framleiðir verulegan hluta af raforkunotkun svæðins, sem er þar að auki tengt við verðbréfamarkaðinn Nordpool, þar sem rafmagnsverð er ákveðið mínútu fyrir mínútu, er raforkuverð á stundum allt að 100 sinnum hærra en í Norður Svíþjóð (raforkusvæði 1).

„They don't run on wind, they run on subsidies“ segja Bandaríkjamenn, sem hafa ferðast til Íslands, þegar rætt er um vindorkuver.

Fyrirvari er hafður á öllum stærðum sem tengjast fjölda, stærð og afli fyrirhugaðra vindorkuvera.

Fram kemur á bls. 9 að raforkan verði verði flutt inn á núverandi flutningssvæði Landsnets með 17 – 46 km langri tengingu. Ekkert kemur fram hvaða leið verður valin sem flutningsleið raforkunnar né hvort sett verða upp möstur með hefðbundinni rafmagnslínu eða hvort rafmagnið verði flutt um jarðstreng.

EKKI kemur heldur fram hver myndi kosta flutning raforkunnar frá vindorkugarðinum að tengivirki.

Sjónræn áhrif

Á bls 14 kemur fram yfirlitsmynd um þau fjögur iðnaðarsvæði sem fyrirhugað er að skipuleggja í Borgarfjarðarhéraði með það að markmiði að setja þar upp vindorkuver. Það liggur í augum uppi hve gríðarleg breyting það yrði á ásýnd Borgarfjarðar, eins fegursta og margbreytilegasta héraðs á landinu, ef fyrirhugaðar áætlanir um uppbyggingu fjögurra vinbdorkugarða myndi hafa fyrir ásýnd héraðsins.

Borgarfjörður yrði rammaður inn af tugum 250 metra hárra vindorkuvera á allar hliðar. Það hefur verið stoppað við og málið skoðað fyrir minni sakir.

Ekki þarf að fjölyrða um hvaða sjónræn áhrif fyrirhugaðir vindorkugarðar á Grjóthálsi, Múla, Hallkelsstaðaheiði og Hælsheiði myndi hafa í Borgarfirði. Þeir myndu blasa við meira og minna vestan af Mýrum, neðan úr héraðinu, ofan af Holtavörðuheiði og Arnarvatnsheiði, af Langjökli og Eiríksjökli, norðan úr Hrútafirði auk þess að hluti þeirra myndi sjást austan úr Bláskógabyggð, að ekki sé talað um nærsveitir fyrrgreindra iðnaðarsvæða.

Ekki má gleyma því í þessu samhengi að um Borgarfjarðarhérað streyma fram margar af bestu laxveiðiám landsins.

Ekki þarf að velkjast í vafa um að slík umgjörð, sem risavaxin vindorkuver myndu skapa, hefði neikvæð áhrif á áhuga auðugra erlendra laxveiðimanna til að kaupa veiðileyfi í laxveiðiám Borgarfjarðar.

Slíkt inngrip í íslenska náttúru og borgfirskt umhverfi yrði svo gríðarlegt að þar yrði aldrei úr bætt.

Erlent ferðafólk gerir ekki greinarmun á ásýnd Þingvallavatns og Þórisvatns. Erlent ferðafólk lítur með aðdáun á jarðvarmaorkuverin og pípurnar sem liggja á jörðinni í nágrenni þeirra sem dæmi um hugvit sem gerir kleyft að nýta þá gríðarlegu hitaorku sem er til staðar í iðrum jarðar.

Vindorkuver eru allt annar hlutur. „Og svo hafið þið engin vindorkuver“ segir erlent ferðafólk með fenginleik þegar verið er að telja upp kosti landsins.

Erlent ferðafólk þekkir flest hvert af eigin raun upplifun af vindorkuverum og það er ekki sú upplifun sem dregur það til Íslands.

Erlent ferðafólk sækir í ósnerta náttúru. Í henni felst sérstaða Íslands. Erlent ferðafólk vill helst ekki taka myndir af náttúru þar sem sést í háspennulínur.

Það þýðir því ekkert að vitna í erlendar rannsóknir um að vindorkuver muni engin áhrif hafa á áhuga erlendra ferðamanna að sækja Ísland heim.

Náttúra landsins og sérstaða hennar er meginástæða þess að ferðaþjónusta er orðin ein af þremur stærstu atvinnugreinum landsins.

Lágmark er, að þegar lagt er mat á hvert og eitt þeirra fyrirætlana um uppbyggingu vindorkuvera, sem hér hefur verið minnst á, þá verði sjónræn áhrif allra þeirra vindorkuvera, sem eru í undirbúningi, metin fyrir héraðið í heild sinni.

Það er mjög einfalt að fá heildaryfirsýn yfir þau með því að leggja saman sýnleikakort hvers og eins vindorkugarðs.

Það verður að taka mið af heildaráhrifum fyrirbyggjandi áætlana í stað þess að vinna eftir spægipulsuaðferðinni, þar sem tekin er ein sneið í einu, þar til pulsarinn er allt í einu búinn.

Ferðapjónusta er gríðarlega mikilvægur þáttur í atvinnulífi Borgarfjarðarhéraðs. Hægt er að nefna hótélrekstur, rekstur veitingastaða, laxveiði, hestaferðir, jöklaferðir, náttúruupplifanir, gönguferðir og þannig mætti áfram telja.

Það ætti að vera óhjákvæmilegt að framkvæmda vandaða rannsókn á hvaða áhrif það myndi hafa á ferðapjónustu í héraðinu ef það verður rammað inn með risavöxnum vindorkuverum á alla vegu.

Ekkert er minnst á í matsáætluninni að kanna eigi sjónræn áhrif vindorkugarðs í landi Þorvaldsstaða á viðhorf ferðafólks varðandi heimsóknir í næsta nágrenni garðsins eða í Borgarfjörð í heild sinni.

Samþýli milli vindorkugarðs í landi Þorvaldsstaða og nágrennabyggða

Þekkt er að áhrif vindorkuvera á búsetu og lífsgæði þeirra sem búa í nágrenni vindorkuvera eru mikil. Þau eru því meiri sem fjarlægð milli búsetu og vinnustaða annars vegar og vindorkuvera hins vegar eru minni.

Samkvæmt korti og mynd sem fylgir með matsáætlun um vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða þá munu vindorkuverin vera staðsett í örfárra kílómetra fjarlægð (3ja – 4ra km fjarlægð) frá stóru sumarhúsaðverfi rétt neðan Hallkelsstaða.

Ekkert er í þessu sambandi minnst á líkum á lækkun jarðaverðs og frístundahúsa í nágrenni vindorkugarðsins í landi Hallkelsstaða.

Rétt er að minna á orð Magnúsar Leópoldssonar fasteignasala í þessu sambandi sbr. meðfylgjandi grein:

<https://kjarninn.is/skyring/thad-er-storslys-i-uppsiglingu/>

„Það þekkja allir sem hafa komið í nálægð við vindorkuver erlendis að það er stöðugur hvinur frá þeim, jafnvel í margra kílómetra fjarlægð, „eins og flugvél sé að nálgast,“ skrifa Magnús Leópoldsson, fasteigna- og jarðasali til áratuga og Árný Sigrún Helgadóttir, ábúendur að Hvassafelli II. Þau segja þetta hljóð ef til vill ekki hávært mælt í desíbelum en „ákaflega hvítleitt“, sérstaklega á stöðum þar sem náttúrukyrrð ríkir.

Vegna þessara „stórtæku áforma“ sé eignaverð á svæðinu þegar farið að lækka og eftirspurn að minnka. Skaðinn sé þegar skeður. „Það verður ekki gott að búa í Norðurárdal ef af þessu verður. Til þess þarf að stöðva allar vindorkuframkvæmdahugmyndir í uppsveitum Borgarfjarðar og víðar á sambærilegum svæðum.“

Í þessu sambandi þarf því bæði að taka tillit til áhrifa lágtíðnihljóða frá vindorkuverum og ljósflökts, ef talið verður nauðsynlegt að setja ljós á vindorkuverin vegna flugöryggis.

Í þessu sambandi verður að draga fram að engar reglur eru til um það í landinu hvað verður að staðsetja vindorkuver langt frá heimilum og vinnustöðum fólks á nærliggjandi jörðum eða frístundahúsum.

Því geta vindorkufyrirtæki staðsett vindorkuver í næsta nágrenni við heimili fólks á nágrannajörðum. Ef ábúendur og eigendur þeirra fara að kvarta þá er þekkt viðkvæði við slíkar aðstæður í okkar nágrannalöndum: „Kærið okkur bara“.

Sama er uppi á teningunum þegar skipulagi og staðsetningu vindorkuvera, fjölda þeirra og hæð er breytt eftir að framkvæmdaleyfi hefur verið veitt út frá ákveðnum forsendum. Þegar nágrannar kvarta þá er viðkvæðið: „Kærið okkur bara“.

Þetta er reynsla fólks í nágrannabjóðum Íslands samkvæmt upplýsingum frá þarlendum.

Jafnvel þegar Hæstiréttur Noregs dæmdi ólöglega byggingu vindorkugarðs í beitolöndum hreindýra í Norður Noregi, þá gerðist ekkert.

Í ljósi þess að hérlandis er ekkert regluverk til staðar hvað varðar uppbyggingu vindorkuvera þá virðist staðan vera sú að einstakir landeigendur geti samið við erlend vindorkufyriræki um skipulagningu vindorkugarðs innan sinnar landareignar, án þess að viðkomandi nágrannar hafi neitt um það að segja og geti ekki borið hönd fyrir höfuð sér nema með málaferlum.

Það ætti að segja sig sjálft hvaða burði einstakir landeigendur hafa í að fjármagna slíka baráttu á móti erlendum stórfyrirtækjum í tilvikum sem þessum.

Í matsáætluninni kemur fram að ekki sé talin þörf á sérstakri athugun á samfélagslegum áhrifum vegna verkefnisins. Síðan kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að tilkoma vindorkugarðsins sé talin hafa bein áhrif á íbúa héraðsins.

Ekkert kemur fram í matsáætluninni að leggja eigi mat á áhrif uppbyggingu og reksturs vindorkugarðs í landi Þorvaldsstaða á samfélög í nærliggjandi héröðum innan Borgarfjarðar.

Það er vel þekkt frá nágrannalöndum Íslands að uppbygging vindorkugarða hefur klofið samfélög í herðar niður, skapað miklar deilur innan þeirra og haft gríðarleg samfélagsleg áhrif.

Það er greinilegt af matsáætluninni að það er reynt að tala þessa hlið á uppbyggingu vindorkugarða niður eins og frekast er unnt.

Áhrif vindorkugarðs á fasteignaverð í næsta nágrenni.

Það er þekkt frá nágrannalöndum Íslands, s.s. Noregi og Svíþjóð, að uppbygging og rekstur vindorkugarða hefur áhrif á fasteignaverð í næsta nágrenni þeirra. Verð fasteigna lækkar og eftirspurn eftir fasteingum í nágrenni garðsins minnkar. Þessara áhrifa er þegar farið að gæta hérlandis, enda þótt ekkert vindorkuver hafi enn verið byggt.

Aðilar sem hafa reynslu af fasteignamarkaði í dreifbýli, s.s. með bújarðir og frístundahús, segjast finna nú þegar fyrir áhrifum að þeim fyrirætlunum sem liggja fyrir um uppbyggingu vindorkugarða víða um land. Jarðir sem liggja nálægt þeim svæðum þar sem fyrirhugað er að reisa vindorkugarða, hafa fallið í verði og eftirspurn eftir þeim minnkað. Einstaklingar, sem eru að velta fyrir sér jarðakaupum, vilja fá það á hreint hvort ekki sé öruggt að það verði ekki byggður vindorkugarður í nágrenni jarðarinnar.

Sama gildir með frístundahús. Eftirspurn eftir frístundahúsum minnkar og verð lækkar á þeim svæðum sem geta lent á áhrifasvæði vindorkuvera.

Fyrirsjáanlega sölutregðu og verðlækkun fasteigna í nágrenni væntanlegra vindorkugarða er ekki hægt að flokka undir neitt annað en eignaupptöku. Eigendur fasteigna, sem lenda í slíkri stöðu, standa algerlega varnarlausir gagnvart fyrirætlunum erlendra stórfyrirtækja sem fyrirhuga að reisa þessi gríðarlegu mannvirki víðsvegar um land.

Óhjákvæmilegt er að leggja mat á hvaða áhrif fyrirhugaðs vindorkugarðs í landi Þorvaldsstaða hefur á fasteignaverð og sölumöguleika bújarða í næsta nágrenni iðnaðarhverfisins.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að í Borgarbyggð er að finna um 1.500 frístundahús.

Nálægð vindorkugarðs við Norðlingafljót og Hvítá

Hvítá er ein af þekktari laxveiðiám landsins. Undirbúningur hefur verið hafinn við að setja upp laxastiga í nágrenni Hraunfossa til að opna fyrir fiskigengd upp í Norðlingafljót.

Upptökusvæði Hraunfossa, eins þekktasta ferðamannastaðar landsins, er að öllum líkindum að stórum hluta til á því svæði þar sem þar sem fyrirhugað er að reisa allt að 14 risavaxin vindorkuver. Það liggur því í augum uppi að jarðrask vegna vegalagningar um svæðið vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs og framkvæmdir við uppbyggingu vindorkugarðsins mun hafa mikil áhrif á votlendi á Hallkelsstaðaheiði og þar af leiðandi á vatnasvið og upptökusvæði Hvítár og Hraunfossa.

Ekki má gleyma því að efnamengun vegna veðrunar á vængjum vindorkuveranna mun dreifast yfir vatnasvið Hvítár. Vængir vindorkuvera veðrast þegar þeir snúast á um 250 km hraða (endi hvers vængs). Epoxy efnið BISPHENOL-A veðrast úr vængjunum og dreifist út yfir næsta nágrenni með vindi. Það dreifist þannig yfir vatnasvæði, votlendi og nærliggjandi vistkerfi Flóku. Efnið getur meðal annars valdið ófrjósemi hjá lífverum viðkomandi vistkerfa.

Því ætti að banna alfarið uppbyggingu vindorkuvera nálægt vatnasvæðum þar sem neysluvatn almennings á uppruna sinn svo og í nágrenni upptökusvæða laxveiðiáa.

Í mótör hvers vindorkuvers er allt að 2.000 lítrar af smurningsolíu. Þegar mótórar vindorkuveranna bila þá hendir það af og til að þeir brotna í sundur og olía rennur út í jarðveginn.

Það verður því tekin mikil áhætta í sambandi við mögulega mengun á vatnassviði Hvítár og Norðlingafljóts, ef ákveðið verður að setja niður fjölda 250 metra hárra vindorkuvera á Hallkelsstaðaheiði.

Á þessi mál er ekki minnst í matsáætlun fyrir uppbyggingu vindorkuveragarðs á Hallkelsstaðaheiði. Einungis kemur fram í henni að „reynt verði að staðsetja vindorkuver utan votlendissvæða sem heyra undir sérstaka vernd skv. 61. Gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013“ (bls 20).

„Reynt verður....“.

Hvað ef það tekst ekki og vindorkuverin verða byggð á votlendissvæðum, sem heyra undir sérstaka vernd, þrátt fyrir fögur orð um annað?

Gríðarleg umferð stórra vinnuvéla verður síðan í nágrenni og á Hallkelsstaðaheiði við undirbúning framkvæmda og á framkvæmdatíma með tilheyrandi mengunarhættu fyrir ána.

Á sama tíma og stefna stjórnvalda er að endurheimta votlendi þá er með fyrrgreindum fyrirætlunum fyrirhugað að eyðileggja náttúrulegt votlendi, sem er um 20 km² að stærð, sem er þar til viðbótar upptökusvæði vinsællar og þekktrar laxveiðiár.

Ekkert kemur fram í fyrirliggjandi matsáætlun um að leggja eigi mat á áhrif framkvæmda við uppbyggingu vindorkugarðs á Hallkelsstaðaheiði eða rekstur vindorkugarðsins á stöðu Hvítár sem laxveiðiá.

Reyndar virðist sem svo að það hafi gleymst að setja inn í matsáætlunina upplýsingar sem varða Hallkelsstaðaheiði, heldur eru þar upplýsingar frá verkefni sem tengist Stórasandi norður í Austur Húnavatnssýslu.

Áhrif vindorkugarðs á fuglalíf

Á bls. 24 í matsáætlun vegna fyrirhugaðs vindorkuvers á Hallkelsstaðaheiði í landi Þorvaldsstaða er fjallað nokkuð um niðurstöður erlendra rannsókna á áhrifum vindorkuvera á afföll fugla. Þar kemur fram, að enda þótt margar rannsóknir sýni fram á aukin afföll fugla vegna vindorkuvera, þá sýni þær flestar fram á óveruleg áhrif eða að ekkert bendi til neikvæðra áhrifa á fuglastofna.

Með öðrum orðum þá er því haldið þarna fram að enda þótt vindorkuver geti eytt fuglum að mestu leyti í nágrenni viðkomandi vindorkuvers (á staðbundnum svæðum) þá sé nóg af

fuglum í öðrum héröðum og öðrum landshlutum og því skipta staðbundin afföll á fuglum vegna vindorkuveranna engu máli.

Ég geri ekki ráð fyrir að íbúar á eyjunni Smöla í Möre og Romsdal í Noregi telji sig nokkru bættari þótt nóg sé af haferni í öðrum hlutum Noregs, þegar sú staðreynd liggur fyrir að yfir 100 hafernir hafa verið drepnir af vindorkuverum á eyjunni frá því skráning á því hófst á árinu 2006.

<https://www.faktisk.no/faktasjekk/100-havorner-funnet-drept-av-vindturbiner-pa-smola/119118>

Samtals hafa yfir 500 fuglar verið drepnir af vindorkuverum á eyjunni á þessum tíma, þar á meðal þrír konungsernir, allnokkrir fálkar, krákur, svanir og gæsir.

Því verður að leggja mat á afföll fugla vegna vindorkuvera út frá áhrifum vindorkuvera á afföll fugla í héraðinu og næsta nágrenni garðsins en ekki eftir ástandi fugla í öðrum landshlutum.

Svo virðist að reynt sé að gera sem minnst úr áhrifum vindorkugarðsá Hallkelsstaðaheiði á fuglalíf á svæðinu, enda sé til nóg af fuglum annars staðar á landinu.

Hvernig yrði þá staðan varðandi áhrif vindorkuvera á fuglalíf ef settir yrðu upp tugir iðnaðarsvæða á landinu þar sem myndu rísa 1.000 – 1.500 risavaxin vindorkuver? Það eru heildrænu áhrifin sem skipta máli en ekki áhrif hvers og eins.

Eins og fram kemur í matsskýrslunni nær framkvæmdasvæðið inn á svæðið Arnarvatnsheiði, sem skilgreint hefur verið sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt til B-hluta náttúruuminjaskrár vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla.

Í fyrsta lagi er algjörlega fráleitt að ætla að reisa vindorkuver innan marka alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis 1 eða á jaðarsvæði slíks svæðis.

Arnarvatnsheiði er fyrst og fremst á skrá yfir alþjóðleg mikilvæg fuglasvæði vegna varps himbrima og álfta. Varpstofn himbrima á Íslandi er lítill og viðkvæmur og má því alls ekki við því að raska mikilvægum varpsvæðum hans eða að ráðast í framkvæmdir sem gætu aukið afföll af stofninum, m.a. vegna árekstrarhættu.

Á íslenskum válista fugla flokkast himbrimi sem tegund í nokkurri hættu 3 . Á Arnarvatnsheiði verpa um 75 himbrimapör, sem er um 15% stofnsins! 4 . Himbrimar eru mjög vandlátir við val á varpsvæðum og fá vötn henta þeim. Það er því fráleitt að halda að hægt sé að grípa til einhverra mótvægisáðgerða til að bæta fyrir skemmdir á varpsvæði himbrima, því ekki dugar að reyna að endurheimta hvaða votlendi eða stöðuvatn sem er sem mótvægisáðgerð.

Arnarvatnsheiði er það alþjóðlega mikilvæga fuglasvæði Íslands sem inniheldur lang flest himbrimaóðul en næst mikilvægasta svæði landsins er Skagi með 40 óðul. Þótt athafnasvæði

vindorkuversframkvæmda við Þorvaldsstaði skarist einungis við hluta af Arnarvatnsheiði er öruggt að áhrifin af því fyrir fuglalíf, og þá sérlega himbrima (sem eru þekktir fyrir að vera styggir) ná langt út fyrir framkvæmdasvæðið vegna truflunar, bæði á meðan uppbygging stendur yfir og eftir að vindmyllum hefur verið komið upp.

Þá er sérlega slæmt að ætla að setja upp allt að 250 m háar vindmyllur á svæði sem er mikilvægt álfum og himbrimum, þar sem báðar þessar fuglategundir eru þungfleygar og því í mikilli áhættu vegna áflugs 5. Aðgerðir eins og að mála einn spaða svartan eru ólíklegar til að hindra áflug við þessar aðstæður.

Engar raunverulegar aðgerðir séu mögulegar til að vega upp á móti röskun á Arnarvatnsheiði. Að halda því fram í matsskýrslu eru draumórar og því rangfærslur.

Fram kemur í matsskýrslunni að ekki eigi að fara í ratsjarmælingar heldur láta sjónarhólmælingar duga, nema Zephyr verði gert skylt að fara í ratsjarmælingar. Fráleitt er að sleppa ratsjarmælingar á svæði sem er svo sannarlega mikilvægt fuglalífi. Reynsla af íslenskum rannsóknum hefur sýnt að ratsjarmælingar gefa margfalt betri upplýsingar en sjónarhólmælingar, sem hafa mjög stóra annmarka sem rannsóknaraðferð.

Mikilvægt er að skylda framkvæmdaaðila til ratsjarmælinga sem hluta af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Í matsskýrslunni er einnig sagt að flugumferð fugla verði aðeins mæld við fyrirhugaðar vindmyllur. Þar sem svæðið er innan marka mikilvægs fuglasvæðis er nauðsynlegt sé að láta mælingar ná talsvert út fyrir sjálft framkvæmdasvæðið svo unnt sé að meta betur heildartruflunaráhrif á fuglalíf svæðisins.

Í matsáætluninni er bent á reynslu Zephyr af uppbyggingu vindorkugarða í Noregi og er vindorkugarðurinn „Guleslettene“ nefnt sem eitt dæmi þar um (bls 24). Þegar þessu nafni er slegið upp á netinu þá kemur eftirfarandi tilvitnun í upplifun eins úr héraðinu af fundi sem haldinn var um verkefnið:

„Halleluja-samling på Guleslettene

Det har vore halleluja-møte på Guleslettene om vindkraft. Formannskapet i Sunnfjord og nokre andre i kommuneleiinga hadde bedd med seg to frå Zephyr og Eviny, to av selskapa som vil byggje ned Snøheia med turbinar, og ordføraren i Bremanger.

Ingen som kunne komme til å seie noko kritisk om vindkraft, fekk delta. Ingen som kunne representere fleirtalet av folket, skulle sleppe til med eit knyst i den mest omstridde saka kommunen har på sitt bord, Snøheia. Samkoma på Guleslettene var som eit gamaldags misjonsmøte. Predikanten bad ikkje inn talarar med tvil i trua. Men på dei møta skulle heller ikkje nokon i salen gjere vedtak med alvorlege konsekvensar for andre menneske, for naturen og landskapet. På Guleslettene var opplegget å eggje valde politikarar til den rette trua og hindre at dei fell ned i folkeleg synd med uvilje mot turbinar på nye fjell.”

<https://www.firda.no/halleluja-samling-pa-guleslettene/o/5-15-1817171>

Eru það vinnubrögð sem þessi sem eru væntanleg í tengslum við uppbyggingu vindorkugarðs á Hallkelsstaðaheiði í landi Þorvaldsstaða í Borgarbyggð?

Niðurrif mannvirkja í vindorkugarðinum

Almennt er unnið út frá því að rekstrarleg hagkvæmni vindorkugarða sé að hámarki um 15-20 ár. Hvað tekur þá við er óvísst.

Í matsáætluninni er ekkert minnst á niðurrif mannvirkja að nýtingartíma loknum, hvernig það verði gert og hver beri kostnaðinn af þeim þætti verkefnisins.

Fyrir liggur að enn hefur ekki fundist leið til að endurnýja vængi vindorkuvera. Því hafa þeir að stærstum hluta til verið grafnir. Því er eðlilegt að fjalla um hvar þeir verða grafnir ef ekki verður mögulegt að endurnýta þá að notkunartíma loknum.

Síðan er rétt að benda á að reynsla nágrannalanda okkar er að oft er erfitt að finna út hver er raunverulegur eigandi vindorkugarða. Þeir ganga kaupum og sölum eins og önnur mannvirki og fyrirtæki. Norsk skattayfirvöld gerðu rannsókn á eignarhaldi vindorkufyrirtækja fyrir nokkrum misserum. Í ljós kom að ekki tókst að finna eigendur yfir 40% allra vindorkuvera í Noregi. Þeir voru horfnir í blámóðu skattaskjóla.

Því verður að liggja ljóst fyrir áður en framkvæmdir hefjast hvernig verður staðið að niðurrifi vindorkuveranna að notkunartíma liðnum. Ef það liggur ekki fyrir þá eru meiri líkur en minni að það lendi á skattgreiðendum ríkis eða sveitarfélaga. Einnig er mjög auðvelt bæði fyrir eiganda vindorkugarðsins og jarðeigenda að gera sig gjaldþrota, þegar líður að lokum á rekstri vindorkugarðsins, þá er ekkert til þeirra að sækja hvað varðar niðurrif mannvirkjanna.

Því er mjög líklegt er að ríkið muni koma ábyrgð á niðurrifi mannvirkjanna, ef eigandi finnst ekki eða er orðinn gjaldþrota, á herðar sveitarfélagsins, þar sem það er sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags sem tekur ákvörðun um breytingu aðalskipulags, þar sem þess gerist þörf, og veitir framkvæmdaleyfi.

Skattgreiðendur í viðkomandi sveitarfélögum verða því að vera undir það búnir í fyllingu tímans að þurfa að kosta niðurrif hinna risavöxnu vindorkumannvirkja, sem sóst er eftir að byggja á Hælsheiði, og annarsstaðar innan Borgarbyggðar, verði framkvæmdaleyfi gefið.

Að lokum

Hér að framan hefur verið farið yfir nokkur atriði sem varða matsáætlun vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar vindorkugarðs á Hallkelsstaðaheiði í landi Þorvaldsstaða, efst í Hvítársíðu í Borgarbyggð. Undirritaður telur nauðsynlegt út frá ýmsum ástæðum að koma þeim á framfæri.

Meðal annars er bundnar vonir við að framlagning þessarar umsagnar, ásamt öðrum þeim umsögnum sem lagðar eru fram um matsáætlun þessa, verði til þess að hvatt verði til opinnar og upplýstrar umræðu um þær gríðarlegu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á Hallkelsstaðaheiði og á fleiri stöðum í Borgarfjarðarhéraði með uppbyggingu vindorkugarða.

Óhjákvæmilegt er að taka slíka umræðu áður en ráðist verður í þær gríðarlegu framkvæmdir sem komnar eru á teikniborðið. Gangi þær eftir munu þær hafa í för með sér óafturkræfar breytingar á ásýnd héraðsins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum til allrar framtíðar.

Almenningur og viðkomandi hagaðilar eiga kröfu til að fá upplýsingar um allar hliðar þeirra stórfamkvæmda sem fyrirhugaðar eru, hvaða afleiðingar þær hafa bæði fyrir héraðið í heild sinni og einstaka eigendur fasteigna og jarða í héraðinu, áður en þeim verður hleypt á framkvæmdastig.

Að lokum skal það áréttað að eðlilegast væri að stjórnvöld stöðvi allan undirbúning fyrir uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi áður en tekin hefur verið umræða um hvort, og ef þá hvar og í hve miklum mæli skuli reisa vindorkuver hérlandis.

Að slíkri umræðu aflokinni þarf að Alþingi að setja skýrt lagaumhverfi um þessa tegund orkuframleiðslu í landinu.

Virðingarfyllt

Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, hagfræðingur og leiðsögumaður,

kt. 080952-20189

Rauðagerði 36,

108 Reykjavík

Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum

Umsögn vegna matsáætlunar.

Undirritaður er eigandi frístundahúss og eigandi helmingshlutar í öðru, í landi Stóra- Áss í Hálsasveit.

Ég hef yfirfarið matsáætlun Cowi fyrir hönd Zephyr Iceland ehf., dags. febrúar 2025.

Í matsáætluninni er skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri framvæmd sem fyrirhuguð er, þ.e.a.s. að reisa vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða í Borgarbyggð.

Ég geri verulegar athugasemdir við staðhæfingar í áætluninni, þá sérstaklega:

Ásýndaráhrif.

Vísað er til landskipulagsstefnu 2015 – 2026 þar sem segir að skipulag í dreifbýli þurfi að stuðla að því að fjölbreytt nýting lands til framtíðar sé í sátt við náttúru og landslag. Þá segir í hvítbók í skipulagsmálum að markmið sé að skipulag feli í sér stefnu um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag.

Undirritaður telur framkvæmdina eins og hún er útlistuð í matsáætluninni verða andstæða þessum markmiðum.

Í þriðja kafla áætlunarinnar kemur fram að hæð vélarhúss einstakra vindmylla verði allt að 170 metrar og hámarkshæð spaðaða allt að 250 metrar. Má geta þess hér að hæð Hallgrímskirkjuturns er 73 metrar svo hér er um talsvert meira en þrefalda hæð þess turns að ræða.

Þá kemur fram að vindmyllugarðurinn verði reistur í 400 metra hæð yfir sjávarmáli og að vindmyllurnar verði 11 – 14 talsins.

Ég held að fáir geri sér grein fyrir þeim stærðum sem hér um ræðir og áhrif framkvæmdarinnar á umhverfi og ásýnd.

Hafa verður í huga að náttúrufar í uppsveitum Borgarbyggðar er mjög sérstakt og fegurð og fjölbreytileiki langt umfram marga staði á Íslandi.

Má hér nefna Hallmundarhraun, Eiríksjökul, Strút, Tungu, Langjökul og Húsafell. Einnig eru þar merkir staðir og vinsælir s.s. Hraunfossar, Deildartunguhver, hellirinn Víðgelmir og fleiri hellar. Svæðið hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og má í því sambandi nefna að byggð hefur verið upp ýmis aðstaða svo sem hótél, heimagisting, hestaleigur, náttúruböð, ísgöng í jökli o.fl. Þá má nefna vinsæla silungsveiði í vötnum á Arnarvatnsheiði.

Ég tel að það stórvirki sem hér er fyrirhugað að reisa, muni trufla ásýnd þeirra staða sem ég nefndi. Ásýnd staðanna verði trufluð með stórum turnum og vængjum sem hreyfast og geta valdið glampaáhrifum og verða að öllum líkindum með blikkandi ljósum allan sólarhringinn. Er útilokað að hér sé um að ræða framkvæmd sem sé í sátt við umhverfi sitt. Tel ég einfaldlega framkvæmdina þar af leiðandi ekki hæfa í umhverfinu.

Í matsáætluninni kafla 5.2.2 er nefnd aðferðafræði í Bretlandi og í Skotlandi sem notuð er við mat á sjónrænum áhrifum. Hér vil ég benda á að í Bretlandi og Skotlandi eru engin eldfjöll, engir jöklar og engin hraun og engin fagurmótuð og litrík sérstæð fjöll. Er ég hér að tala um Eiríksjökul sem er hvottveggja í senn eldfjall og jökull, Hallmundarhraun, fagurformaðan Strút og litríkt efni í Tungu, stakstæð fjöll með fjölbreytileika í formi og litum. Slíkar viðmiðanir sem hér umræðir geta ekki átt við á Íslandi a.m.k. ekki í því umhverfi sem hér um ræðir.

Mynd 5.1. er “fræðilegur sýnileiki”. Þessi mynd segir meira en mörg orð. Myndin er einfaldlega falleinkunn fyrir verkefnið. Myndin sýnir að á flestum stöðum í uppsveitum Borgarfjarðar verða vindmyllurnar sýnilegar og ekki síst á vinsælum ferðamannastöðum. Ferðamenn sem munu taka myndir af Hraunfossu munu hafa vindmyllur í baksýn. Er það boðlegt? Þetta eru ekki örfáir einstaklingar því þeir skipta hundruðum þúsunda á hverju ári sem hafa viðdvöl á þessu svæði. Staðreyndin er sú að fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi er yfir tvær milljónir á hverju ári.

Í sama kafla er tillaga að myndatökustöðum fyrir ásýndarmyndir til að gera samanburð mynda sem sýna landslag eins og það er og landslag þar sem búið er að bæta vindmyllum inn á myndirnar.

Gerð er tillaga að 6 tókustöðum og þeir tilgreindir. Því miður er erfitt að greina staðsetningu tókustaðanna á myndinni og væri því nauðsynlegt að bæta úr með betri mynd með örnefnum. Þá þykir mér rétt að bætt verði við miklu fleiri tókustöðum, t.d. tréþallinum við Hraunfossa, Deildartunguhver og hótelinu í Húsafelli svo einhverjir staðir séu nefndir.

Ég velti fyrir mér hvers vegna ekki sé nú þegar búið að útbúa þessar myndir og setja inn í skýrsluna svo hægt sé að sýna þær áhugasömum strax og gefa þeim kost á að greina áhrif framkvæmdarinnar í umhverfinu. Getur verið að eigendur framkvæmdarinnar óttist að verkefnið verði þá þegar slegið út af borðinu? Í skýrslunni eru tvær myndir sem sýna landslag án vindmylla og skil ég ekki hvaða tilgangi það þjónar.

Loks má geta þess hér að Strútur er rúmlega 900 metra hátt fjall og telst það allnokkuð í því umhverfi sem hann er. Sést hann nokkuð víða að, enda þar uppi endurvarpar fyrir öll helstu símafélög landsins. Eins og áður sagði verður vindorkugarðurinn í 400 metra hæð og við bætist hæð vindmillanna 250 metrar og þá er komið í 650 metra, sem fer að nálgast hæð Strúts. Segir þetta hversu yfirgnæfandi þessi framkvæmd muni verða.

Dýralíf.

Það kemur fram í 2. kafla skýrslunnar að svæðið, sem til stendur að reysa mannvirkin á, sé innan náttúruverndarsvæðisins Tvídægra – Arnarvatnsheiði. Ég velti fyrir mér hvernig aðstandendum verkefnisins datt í hug að fara með slíka framkvæmd inn í náttúruverndarsvæði og þá vísa ég til þess sem ég ritaði hér að ofan varðandi kröfu um sátt framkvæmdar við umhverfi sitt.

Það segir í 5.7.1 að mikið fuglalíf sé á Arnarvatnsheiði og að það sé alþjóðlega mikilvægt varpsvæði fyrir himbrima (75 óðul) og álfir (639 pör). Þá er getið um aðrar fuglategundir sem verpa í talsverðum mæli, lóm, duggönd og hávellu.

Það segir sig sjálft að byggingaframkvæmdir munu valda miklum hávaða og ónæði og síðan koma áhrif vindmyllanna sjálfra, þegar þar að kemur. Reki framkvæmdirnar fugla í burtu er óvíst hvort þeir snúi aftur, því umhverfið verður breytt.

Sagt er að framvæmdaraðilinn muni láta framkvæma ítarlegar rannsóknir á áhrifum á dýralíf. Tryggja verður með einhverjum hætti að valdir verði óvilhallir vísindamenn til þess að framkvæma rannsóknirnar, en það kemur ekki fram í skýrslunni hvernig þeir verða valdir.

Rask vegna framkvæmda og vegagerð.

Í matsskýrslunni er getið um þungaflutninga vegna framkvæmdarinnar. Þar er talað um að farartæki sem flytja muni krana til uppsetningar á myllunum geti með farmi vegið allt að 150 tonn sem skiptast muni á 10 hásingar. Í fyrsta lagi vil ég benda á að vegagerð vegna slíks farartækis um hlíðina upp af Þorvaldsstöðum mun fela í sér stórkostlegt jarðrask. Stórt sár í hlíðina sem sennilega verður ekki afturkræft. Slík flutningstæki taka ekki beygjur nema með stórum radius og það kostar sitt svigrúm í umhverfinu með tilheyrandi raski.

Ætlað er að sömu farartæki fari Borgarfjarðarbraut, frá Þjóðvegi eitt undir Hafnarfjalli að Þverárhlíðarafleggjara og síðan upp Hvítársíðuveg. Miðað við þá frostlyftingu sem maður upplifir við akstur á Borgarfjarðarbraut þessa dagana, má ætla að undirbygging þess vegar sé úr frekar lélegu efni og í öllu falli megi ætla að farartæki sem er allt að 150 tonn, með áspunga 15 tonn muni einfaldlega eyðileggja veginn nema að hann hafi verið endurbyggður með góðu undirlagi fyrirfram.

Í skýrslunni er talað um umtalsvert magn af jarðefni sem fara muni í steypu fyrir undirstöður myllanna og tengivirkið. Sagt er að ekki sé búið að finna út hvar efnisnámur verði. Hlýtur staðsetning námanna að skipta verulegu máli við mat á hættu á skemmdum á vegum og nýrri vegagerð. Rýrir það gildi skýrslunnar verulega að þessi atriði skulu ekki vera á hreinu.

Samfélag.

Í kafla 5.8.1 er “núverandi staða og fyrirliggjandi gögn”.

Hér er minnst á fjölda íbúa og staðsetningar þéttbýliskjarna í Borgarfirði.

Það vekur athygli hér að ekkert er minnst á að á svæðinu eru hundruðir sumarbústaða sem flestir eru búnir til heilsársnotkunar með hitaveitu og öllum nútíma þægindum. Með nýrri tækni til fjarvinnu hefur það aukist að sumarbústaðareigendur og fjölskyldur þeirra dvelji dögum eða vikum saman í bústöðum sínum, þannig að íbúatölur gefa kolranga mynd af dvöl fólks á svæðinu.

Í þessum kafla er heldur ekki minnst á þá viðamiklu þjónustustarfsemi sem rekin er á svæðinu tengda ferðapjónustu. Hótel, heimagistingar, hestaleigur, náttúruböð, íshellir, hellar í hrauni, o.fl. Í ljósi þess er skýrslan ófullkomin og algerlega ófullnægjandi hvað varðar samfélagsmyndina.

Samantekt.

Vindorkugarður á ekki heima á þeim stað sem fyrirhugað er að byggja hann. Svæðið er of sérstakt og viðkvæmt fyrir slíka starfsemi, bæði hvað varðar ásýnd og fuglalíf og heppilegra að hafa framkvæmdina á stað þar sem sem röskun á náttúru og umhverfi er minni og náttúrufar ekki eins stórfenglegt, fjölbreytt og viðkvæmt.

Reykjavík, 25. mars 2025.



Garðar Briem,

Kt. 160356-2949,

Hrólfsskálavör 13,

170 Seltjarnarnesi.

Skipulagsstofnun

B.t. Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

**Efni: Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum – Matsáætlun, málsnúmer.****242/2025**

Vegagerðin hefur móttengið til rýni erindi Skipulagsstofnunar dags. 26. febrúar 2025 þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við uppbyggingu vindorkugarðs á Þorvaldsstöðum, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Málsnúmer. 242/2025.

Zephyr Iceland áformar að reisa vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða, Hvítrársíðu í sveitarfélaginu Borgarbyggð.

Síða 1/4

Framkvæmdarlýsing:

Fyrirhuguð áform gera ráð fyrir uppbyggingu vindorkugarðs á Þorvaldsstöðum, með um 50-70 MW heildarafl. Gert er ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði um 11-14 og að afl hverrar vindmyllu verði 5-7 MW. Miðað við um 50 MW afl verður árleg raforkuframleiðsla vindorkugarðsins um 180-190 GWst.

Helstu framkvæmdaþættir sem tengjast Vegagerðinni:

Vegagerðin starfar á grundvelli laga nr. 120/2012 sem framkvæmdastofnun samgöngumála. Lögbundið hlutverk Vegagerðarinnar er að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Vegagerðin annast samkvæmt því þau verkefni sem nánar greinir í lögunum og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem um starfsemi hennar gilda. Afmarkast því stjórnslulega aðkomu Vegagerðarinnar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Vegagerðarinnar.

Stofnunin hefur rýnt gögnin með hliðsjón af ábyrgð stofnunarinnar varðandi þætti sem lúta að umferð um vegi sem eru í umsjón Vegagerðarinnar, vali á akstursleið, burðarþols, akstursöryggis o.fl.

Í 3. kafla er gerð grein fyrir flutningsleið, fjölda ferða og þyngd faratækja og vindmylluhluta. Um er að ræða umfangsmikla flutninga og ekki er sambærileg reynsla af slíkum flutningum á vegakerfið hvað varðar stærð ökutækja, lengd og stærð hluta sem fluttir eru. *Vindmyllur eru stór mannvirki sem þarf að flytja í nokkrum hlutum á stórum, sérútbúnum flutningabílum frá uppskipunarhöfn að framkvæmdasvæði. Til að reisa vindmyllur þarf að setja upp krana innan framkvæmdasvæðisins. Einn krani þarf um 40 ferðir flutningabíla og gert er ráð fyrir að fyrir hverja vindmyllu þurfi um 10 ferðir með íhluti. Hver bíll með farni*

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

getur verið að hámarki 120-150 tonn og öxulpungi er áætlaður um 12-15 tonn. Lengsti farmurinn er vegna flutninga á vindmyllublaði eða um 100 m þar sem blaðið stendur út af sjálfum flutningabílnum. Mikilvægt er að hafa í huga að vegna tæknipróunar í vindorkugeiranum kunna þessar viðmiðanir að taka breytingum. Flytja þarf einingar vindmyllanna með skipi til nálægrar hafnar. Möstur, spaðar, hverflar og annar búnaður verður fluttur á sérútbúnum flutningabílum frá uppskipunarhöfn, sem líklega verður við höfnina á Grundartanga. Frá Grundartanga yrði farið út á Þjóðveg nr. 1 og á honum sem leið liggur að Borgarfjarðarbraut (50) þar til komið er að gatnamótum Borgarfjarðarbrautar og Þverárhliðarvegur (522). Frá gatnamótunum liggur aðkoma um Þverárhliðarveg og Hvítársíðuveg (523) sem eru malarvegir. Haft verður samráð við Vegagerðina um þungaflutningana. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að þörf sé á styrkingu og aðlögun á malarvegum til þess að flutningar aðfanga sé öruggur um vegina auk þess sem líklegt er að styrkja þyrfti einhverjar brýr á leiðinni. Slóði liggur frá Þorvaldsstöðum og upp að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem líklega er hægt að nýta eftir að hann hefur verið byggður upp og aðlagður til þess að hann henti fyrir flutning aðfanga.

Síða 2/4

Umsögn Vegagerðarinnar:

Rýni Vegagerðarinnar lýtur helst að flutningi stórra og þungra vindmylluhluta og áhrif flutninga á Þjóðvegi og umferð.

Í matsáætlun er gerð grein fyrir helstu stærðum, t.a.m. fjöldi eininga, heildarmagn farms, heildarfjölda ferða, en ekki hefur verið unnin úttekt á áætlaðan meðalhraða, heildartíma flutninga eða áhrifum flutninganna á burð og líftíma vegakerfisins né öryggisþætti. Einnig hversu margar ferðir eru eknar með steypu og jarðefni. Vegagerðin hefur því ekki rýnt ítarlegri tillögur að leiðarvali, þörf á tímabundnum breytingum á og í nágrenni vegar, né áhrif á burð og öryggi vegakerfisins.

Fyrir liggur að flutningar vegna byggingu vindorkugarða mun skerða greiðfærni og öryggi umferðar á Þjóðvegum vegna stærðar og umfangs ökutækja flutninganna. Mikilvægt er að öryggi annarra vegfarandi verði tryggt á flutningstíma og á milli flutninga. Öryggis- og upplýsingaskilti og aðrar öryggisráðstafanir skulu verði sett í sama horf strax að flutningi loknum.

Óskað er eftir ítarlegri upplýsingum um tilhögun flutninga, t.a.m. fjölda ferða, dreifingu yfir tímabili og hvaða aðgerðir eru áformaðar til að takmarka truflun og skerða öryggi annarra umferðar. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um aðra umferð sem skapast á framkvæmda- og rekstartíma.

Vakin er athygli á því að skv. vegalögum nr. 80/2007 þarf heimild Vegagerðarinnar fyrir öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæða. Breidd veghelgunarsvæða er 30 m frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara Þjóðvega. Ef hluti nauðsynlegra framkvæmda vegna flutnings farms kunna að henta til frambúðar, að mati Vegagerðarinnar, skal hönnun og framkvæmd fara fram í samráði við Vegagerðina.

Vegagerðin

Einnig er vakin athygli á reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja en sækja ber um undanþágu fyrir hvern einstaka flutning stærri og þyngrri ökutækjum en reglugerðin segir til um. Sækja skal um undanþágu til Samgöngustofu, og lögregluembætta eftir atvikum, og leitar Samgöngustofa til samþykkis veghaldara. Samþykki Vegagerðarinn lýtur m.a. að aðstæðum til flutninga hverju sinni, svo sem árstímabundnar breytingar á burðarþoli þegar frost fer úr jörðu.

Ósk um í mati á umhverfisáhrifum:

Vegagerðin óskar eftir að framkvæmdaaðili vinni ítarlegri greiningu á áhrifum flutninganna og kynni niðurstöður úttektar ásamt tillögum að aðgerðum sem framkvæmdaraðili mun kynna og deila með Vegagerðinni.

Í greiningunni um mat á umhverfisáhrifum skal koma fram mat á leiðum og tillögur að aðgerðum, eins og til dæmis:

- Skilgreina þarf leið frá höfn að vindmyllugarði og á korti og tilgreina hvort fara þurfi í aðgerðir á vegakerfi, þar með talið breytingar á vegamótum og breikkunar vega, til að tryggja öruggar flutningsleiðir.
- Meta þarf umfang undanþáguflutninga vegna framkvæmdar og á rekstrartíma viðkomandi vindmyllugarðs (fjöldi ferða).
- Tilgreina þarf stærð og þyngd íhluta ásamt því að tilgreina farartæki sem ætluð eru til flutninganna og gera grein fyrir öxulþunga.
- Ítarlegri upplýsingar um tilhögun þungaflutninga, t.a.m. fjölda ferða á sólaring, umferðarhraða, hvernig ferðir dreifast yfir tímabil og hvaða aðgerðir eru áformaðar til að takmarka truflun á aðra umferð.
- Upplýsingar um áætlaðan líftíma vindorkuveranna og áætlaða þörf á endurnýjun vindmylluhluta sem meðfylgjandi flutningi.
- Upplýsingum um aðra umferð sem framkvæmdir við uppsetningu vindorkugarðsins mun skapa, t.a.m. flutningur vegna bygginga undirstaðna, vegagerðar á framkvæmdasvæði ofl.
- Upplýsingar um námur sem notaðar verða fyrir jarðvegsskipti, vegagerð og steypuvinnu.
- Mat á áhrifum flutninganna á getu samgöngukerfisins til þess að þjóna hlutverki sínu almennt, svo kallað samgöngumat.
- Gera skal grein fyrir tímaramma flutninga, á hvaða tíma árs þeir eru fyrirhugaðir, hve lengi þeir standa yfir og hve margar ferðir verða farnar. Vegagerðin bendir á að við vissar veðuraðstæður eru sérstakar þungatakmarkanir á vegum.

Síða 3/4

Vegagerðin

Allar breytingar innan veghelgunarsvæða, varanlegar eða tímabundnar, eru háðar framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni og skipulag og umsjón framkvæmda í tengslum við aðgerðir skal unnið í samráði við Vegagerðina.

Kostnaður vegna flutnings og framkvæmda tengdum flutningi vegna framkvæmdanna fellur að öllu leyti á framkvæmdaraðila. Þar með talið eru styrkingar á vegum, breikkanir á vegum, breytingar á vegamótum o.fl. og skal Vegagerðin hafa yfirumsjón með slíkum breytingum á vegakerfinu. Lagfæringar vegna mögulegs tjóns á innviðum Vegagerðarinnar, sem verður af flutningunum, verður á kostnað framkvæmdaraðila.

Síða 4/4

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift
SIGURÐUR FRIÐGEIR

Vegagerðin

Vegna: Máls nr. 0242/2025, Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég vildi að ég gæti sett saman nógu beittan texta til varna landinu okkar. Þetta er bara bilun hvernig verið er að plana og teikna tugi vindorkuvera un allt land. Ég hef samt ekki séð neitt sem blasir sérstaklega við Reykjavík, eins og t.d. uppi á Esju fyrir útsýni höfuðborgarbúar.

Nei. Auðæfi okkar liggja í ósnortnum víðernum. Ekki í orkuframleiðslu til mengandi stóriðju. Það er ekki verið að plana þessi ósköp fyrir heimilin í landinu vegna orkuskorts, eða heldur fyrir rafvæðingu bifreiða, því bak við hvert teiknað vindmylluver er plan um rafmyntagröft, eða annað slíkt og flest fyrir erlenda fjárfesta.

Ég skil ekki hvernig stjórnámálamenn okkar hafa komist upp með kosningabaráttu þar sem varla er minnst á stórmál eins og það hvort landið yrði afmyndað með vindmyllum. Átti kannski bara að lauma þessu í gegn? Ég held að Norðmenn séu farnir að sporna við fótum.

Hvað getum við almenningur gert? takið þið mark á því sem við erum að reyna að andæfa. Eða endar með því að gamlar konur þurfa að hlekkja sig við vinnuvélarnar. Ég bið. Hugsid.

Mér finnst að við höfum skyldur við komandi kynslóðir um að eyðileggja ekki landið fyrir skammtímagróða.

Höfundur: Anna Ólafsdóttir

Sent inn þann: 02.03.2025

Á bls. 2 í ritinu *Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum – Matsáætlun* segir: „Hallkelsstaðaheiði í landi Þorvaldsstaða er talin vera tilvalinn staður fyrir vindorkugarð.“ Í sömu matsáætlun er ítrekað vísað til þess að framkvæmdasvæðið fyrir fyrirhugaðan vindorkugarð nái inn á Arnarvatnsheiði, sem hefur verið skilgreint sem **alþjóðlega mikilvægt varpsvæði himbrima og álftar**. Hvers vegna er verið að leggja til svæði sem er alþjóðlega mikilvægt fyrir þessar fuglategundir?

Á bls. 23 í matsáætluninni segir að athuga skuli hvort einhverjar vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum. Í efnisgreininni á undan er aftur á móti þegar búið að taka fram **að starungsmýravist og lyngmóavist á láglendi séu með mest áberandi vistgerðum á framkvæmdasvæðinu, en báðar eru þær á lista**

Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. 11-14 vindmyllur (þó mikil óvissa virðist ríkja um stærð þeirra og gerð), 600 m² steipt undirstaða undir hverja, 1.500 m² kranaplan við hverja vindmyllu og auk þess allt að 5.000 m² stórt tímabundið geymslusvæði, að ógleymdum jarðstreng (sbr. bls. 9 í matsáætlun), hafa óhjákvæmilega í för með sér rask á þessum vistgerðum, en sú síðarnefnda hefur hátt verndargildi og sú fyrrnefnda mjög hátt verndargildi.

Þó ekki sé skýrt tekið fram í matsáætlun um hvernig vindmyllur er að ræða (talað er um „tegundir vindmylla sem gætu komið til greina“, bls. 8) virðist fyrirhuguð hámarkshæð spaðaenda vera á bilinu 180 – 250 m. Þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli væri því hámarkshæð vindmylluspaðanna yfir sjávarmáli 650 m. Samkvæmt korti á bls. 17 í matsáætlun, sem sýnir fræðilegan sýnileika fyrirhugaðrar virkjunar, kæmu slíkar vindmyllur til með að sjást frá Húsafelli, þar sem er hótél, stór sumarbústaðabyggð og umtalsverð umferð ferðamanna. **Auk þess sæjust þær frá náttúruperlum eins og Hraunfossu og Langjökli, sem hefði áhrif á upplifun ferðamanna og Íslendinga af þessum svæðum**. Inni á svæðinu sem fræðilegur sýnileiki nær til eru einnig staðir á hálendinu eins og Skjaldbreiður, Kaldidalur og Uxahryggir. Auk þess eru Grábrók, Holtavörðuheiði, Arnarvatnsheiði, Kleppjárnsreykir, Deildartunguhver, Reykholt, Haukadalur í Dalasýslu og botn Hrútafjarðar inni á fyrrgreindu svæði. **Í matsáætlun eru engar ásýndarmyndir sem sýna hvernig sýnileiki vindmyllanna væri í raun, heldur einungis sex tillögur að myndatökustöðum fyrir ásýndarmyndir. Einnig skal tekið fram að engin slík mynd er fyrirhuguð fyrir Langjökul eða Arnarvatnsheiði**. Því þurfa þeir sem vilja gera athugasemd við fyrirhugaðar framkvæmdir að láta sér nægja að gera sér í hugarlund hvernig ásýndin verður.

Nokkuð virðist á reiki hvort ætlunin sé fremur að hafa færri og stærri vindmyllur ellegar fleiri og minni. Tvær tilvitnanir úr sömu efnisgrein á bls. 9 í matsáætlun: „Hafa ber í huga að framþróun í vindorkutækni hefur verið nokkuð hröð, sem einkum birtist í *stækkandi og hagkvæmari vindmyllum*. Eftir því sem nær dregur framkvæmdatíma er því mögulegt að *færri en eitthvað stærri* vindmyllur geti skilað jafnmiklu afli.“ Og næsta setning: „Vakin er athygli á því að vindmyllurnar sem miðað er við í **töflu 3.1** eru *líklegar hámarksstærðir* og *ekki er útilokað* að til að mynda hæð vindmylla með spaða í efstu stöðu *verði lægri* en þar er tilgreint.“ (skáletrun ST) Lesandinn er skilinn eftir í mikilli óvissu um það hvort Zephyr stefni frekar á stærri en færri vindmyllur eða hvort vindmyllurnar verði lægri en „líklegar hámarksstærðir“ sem koma fram á bls. 8. Einnig vekur athygli að þó að ekki sé „útilokað“ að vindmyllurnar verði lægri en „líklegar hámarksstærðir“, þá útilokar orðalagið „líklegar hámarksstærðir“ ekki heldur að vindmyllurnar verði hærri.

Í matsáætlun er **ekki talað um hvað verði gert eftir 25 ára líftíma vindorkuversins**, t.d. hvernig niðurrífi á vindmyllum yrði háttað og hvað yrði gert við 600 m² steypuundirstöðurnar, heldur er vísað til umhverfismatsskýrslu sem enn hefur ekki verið skrifuð.

Samkvæmt bls. 8 í matsáætlun er virkjun vinds á Íslandi „ein af forsendum þess að á Íslandi verði áfram unnt að bjóða fyrirtækjum og almenningi raforku á sem hagkvæmustu verði“ – **er eitthvað sem bendir til þess að almenningur muni njóta góðs af þessari orku, í ljósi þess að einungis u.þ.b. 5% af endurnýjanlegri orku sem framleidd er á Íslandi fer til heimilanna?**

Oft er rætt um aukna orkuþörf til að ljúka orkuskiptum í íslenskum atvinnugreinum eigi síðar en 2040. **Er eitthvað sem tryggir að orka sem verður til í orkuverum eins og fyrirhuguðu vindorkuveri á Þorvaldsstöðum fari raunverulega í orkuskipti í íslenskum atvinnugreinum?**

Á öllum þessum forsendum mótmæli ég fyrirhuguðu vindorkuveri á Þorvaldsstöðum.

Sólveig Thoroddsen

Kt. 040889-2139

Hallkelsstaðaheiðarvirkjun

Sem íbúi í Borgarfirði mótmæli ég þessum fyrirætlunum harðlega og bið um að það sé hlustað. Vindmylluver (það á hvorki að kalla þetta lund né garð) eiga hvergi heima í íslenskri náttúru. Fyrst skal telja sjónmengun, hávaðamengun og plastmengun auk þess gríðarlega magns af steypu sem setja þarf í landið vegna þessa.

Ísland býr að ósnortnum víðernum og þar berum við ábyrgð á heimsvísu vegna fuglalífs og dýrmætra vistkerfa. Ekki síst ber okkur að vernda laxveiðiár vegna villta laxins, en orkuna frá vindmylluverum á m.a. að nota til laxeldis. Opnar sjókvíar ætti þegar að banna, því reynslan í Noregi sýnir að loka verður laxveiðiám vegna sleppinga úr eldi (einnig landeldi). Þar á Borgarfjörður og Vesturland allt gríðarlegra hagsmuna að gæta. Ferðaþjónustan í heild mun bíða skaða af uppsetningu vindmylluvera í landslaginu með tilheyrandi tekjutapi, enda sýna rannsóknir að það er náttúra landsins sem er helsta ástæða fyrir komum ferðamanna.

Mikil upplýsingaóreiða ríkir um mikilvæga þætti þess orkuæðis sem nú herjar á landið á meðan yfirvöld, ekki síst sveitarfélög, sofa á verðinum og lög og reglugerðir vantar. Í hvað á orkan að fara? Það hefur alla vega komið fram að hennar er ekki þörf vegna orkuskiptanna, enda framleiðir Ísland þegar mun meiri orku en þörf er á og mengandi stóriðja nýtir mestan hluta hennar. Viljum við meira af slíku eða ætlum við að standa vörð um hagsmuni komandi kynslóða?

Rætt hefur verið um að haga þurfi því svo að sveitarfélög njóti peningalega góðs af uppbyggingu mannvirkja sem þessara. En hvernig skal verðleggja þær fórnir sem færa þarf?

Aldrei hefur verið meiri ásókn í náttúruna af hálfu fjárfesta sem nú og nefni ég hér bæði Zephyr og Quair sem dæmi. Á sama tíma vilja menn kaupa sér kolefnisfrið með aðgerðum sem eru vægast vafasamar svo sem að jarðsetja hér erlenda iðnaðarúrgang. Hvalfjörðurinn liggur undir stanslausum árásum og nú síðast í þeim tilgangi að setja í hann vítissóðablöndu til að kanna hvort hægt sé að menga jarðvegin enn frekar í framtíðinni með iðnaðarúrgangi.

Núverandi kynslóð er ábyrg fyrir náttúrunni svo komandi kynslóðir geti notið hennar. Ekki þarf að árétta mikilvægi hennar fyrir landbúnaðinn og þar með fæðuöryggi þjóðarinnar.

Yfirvöld mega ekki setja hagsmuni fjárfesta ofar hagsmunum íbúa til framtíðar, slíkt er feigðarflan.

Vaknið!

Ég lýk þessu með orðum skáldsins góða á Kirkjubóli: „...þá er ei þörf að velja, þú mátt aldrei selja það úr hendi þér.“

Guðrún Jónsdóttir

Vegna: Máls nr. 0242/2025, Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn sett inn f.h. GOGG - EMB/UTU

Afgreiðsla sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 19.3.2025
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skila ekki umsögn.

Höfundur: Ellisif Malmö Bjarnadóttir

Sent inn þann: 25.03.2025 , **Fyrir hönd:** Grímsnes- og Grafningshreppur

Vegna: Máls nr. 0242/2025, Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Það vantar algjörlega í matsáætlunina hvernig standi til að tengja fyrirhugað vindorkuver við flutningskerfi Landsnet. Það er ekki í boði að vísa því bara yfir á Landsnet eins og það komið vindorkuaðilanum ekki við. Eins og sést á meðfylgjandi mynd þá er núverandi byggðarlína (rauð lína) frekar langt í burtu. Eftir allt samtalið sem er búið að vera við Landsnet vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 þá er frekar ólíklegt að hægt verði að tengja fyrirhugaðan vindorkuver með jarðstreng. Vissulega er hægt að tengja vindmyllurnar sjálfar við safnstöð með jarðstrengjum enda á lítilli spennu max 33kV. Það þýðir að byggja verður nýja loftlínu og þá er spurning hvert? Í fljótu bragði eru 3 kosti í boði. Beint upp á Holtavörðuheiði (Græn lína) með ævintýralegu jarðraski því Landsnet kann ekki lengur að byggja háspennulínur nema gera betri línuvegi en Vegagerðin býður landsmönnum uppá um dali Borgarfjarðar. Annar möguleiki er niður með Kjarrá. Sviðað rask fylgir þeirri hugmynd. Síðan er alltaf hægt að fara niður Hvítarsíðunna. Þökk sé meingölluðum raforkulögum þá getur Landsnet einfaldlega farið í eignarnám ef landeigendurnir á línuleiðinni eru ósáttir við áforminn. Þannig að það er augljós að hagsmunaaðilar vegna fyrirhugaðs vindorkuvers eru allir landeigendur þar sem ný háspennulína þarf að fara um.

Höfundur: Arnar Grétarsson

Sent inn þann: 26.03.2025

Viðhengi:

45.1.Skjámynd 2025-03-26 214322.png

Skipulagsstofnun

Mál nr. 242/2025

Pórdís Stella Erlingsdóttir, Skipulagsstofnun

Skilað á skipulagsgátt

Reykjavík 15. mars. 2025

Vindorkugarður á Þorvaldsstöðum

Landvernd gerir hér athugasemdir við áform Zephyr Iceland að reisa vindorkugarð í landi Þorvaldsstaða í sveitarfélaginu Borgarbyggð með um 50-70 MW heildaraflri þar sem gert er ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði um 11-14 og að afl hversrar vindmyllu verði 5-7 MW.

Inngangsorð

Hér er um að ræða enn ein stórtæk áform um uppbyggingu vindorkuvers á heiðarlendum Borgarbyggðar og þá er ótalinn mikill fjöldi annarra svæða um landið sem liggja nú undir ágangi. Ef áform ganga eftir mun það hafa fullkomlega óafturkræf og gríðarlega neikvæðar afleiðingar á íslenskri náttúru og upplifun þeirra sem vilja njóta hennar. Landvernd hefur sent frá sér fjölda athugasemda á síðustu árum vegna áforma um byggingu sístækkandi vindorkuvera um landið allt og má segja að í flestum tilvikum sé um svipaðar áherslur og áhrifamat Landverndar að ræða í þeim athugasemdum. Í grunninn eiga vindorkuverin það sameiginlegt að þau hafa öll neikvæð áhrif á náttúruna í allri sinni breiðu mynd og mjög neikvæð áhrif á nærsamfélagið. Ásókn og þegar fram settar opinberar áætlanir orkufyrirtækjanna, innlendra en þó sérstaklega erlendra orkufyrirtækja í vindiðnaði, er þegar komin langt út yfir þau mörk sem eðlilegt getur talist í landi sem nú þegar býr yfir allt annars konar endurnýjanlegri orku, þ.e. bæði í vatnsafl og jarðhita.

Ísland ber höfuð og herðar yfir framleiðslu á endurnýjanlegri orku í samanburði þjóða heims. Nú er staðan hins vegar sú að það er orðið sjálfstætt keppikefli orkufyrirtækja, með stuðningi stjórnvalda (ríkis og sveitarfélaga), að ná inn sem flestum áætlunum og áformum í vindorkuiðnaði með óábyrgum áróðri og stöðugum upphrópunum um orkuskort, þjóðaröryggi og neyðarástand í orkuríkasta landi veraldar.

Það skortir fyrirbyggju og hófsemi í plönun vindorkufyrirtækja um land allt. Þá skortir kraft í stjórnvöld til að stemma stigu við ásókninni í orkuauðlindir okkar. Landvernd minnir á að það mun

ekkert af þessum vindorkuverum rísa á Íslandi nema því aðeins að það hafin verði jafnhliða stórkostleg uppbygging á vatnsaflsvirkjunum til afhendingar jafnvægisorku. Okkur ber að varðveita ósnortna náttúru Íslands fyrir komandi kynslóðir.

Jafnvægisorka – raforkulög

Það ætti nú þegar að vera lágmarkskrafa af hálfu Skipulagsstofnunar að gera kröfu á að vindorkufyrirtæki sýni fram á í áætlunum sínum undirritaða samninga við vatnsaflsfyrirtæki um vilyrði fyrir afhendingu á allt að 30-40% mótvægisorku. Hér er um að ræða grundvallaratriði sem er ekkert minna en forsenda fyrir rekstri vindorkumannvirkja. Í hjálögðum kafla í 1. kafla raforkulaga liggur fyrir að ekkert þeirra erlendu fyrirtækja sem hafa sett hér gríðarleg áform á sviði hafa getað sýnt fram á hvernig þau hyggjast uppfylla þau lagalegu atriði sem þeim ber að fylgja. Hér ganga hin erlendu vindorkufyrirtæki þvert á sett lög um raforku á Íslandi þar sem sýnt er að þau geta ekki og hafa ekki getað sýnt fram á að þau geti uppfyllt þau grundvallaratriði sem lögin byggja á.

Hér má sjá í raforkulögum skilyrði sem lögum samkvæmt vindorkufyrirtæki hafa ekki burði til að uppfylla:

“1. kafli. Markmið og gildissvið.

1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.

3. Tryggja [fullnægjandi raforkuöryggi, hagsmuni neytenda og neytendavitund á raforkumarkaði]. 1)

[4. Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

5. Taka tillit til umhverfissjónarmiða.] 2)”

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003065.html>

Um verndargildi áformaðs iðnaðarsvæðis að Þorvaldsstöðum

Segja má að áform um vindorkuver á Þorvaldsstöðum brjóti gegn margvíslegum verndarákvæðum náttúruverndarlaga. Samkvæmt flokkun Náttúrufræðistofnunar er framkvæmdasvæðið innan alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðisins Arnarvatnsheiðar. Mikið fuglalíf er á Arnarvatnsheiði og er hún alþjóðlega mikilvægt varpsvæði himbrima (75 óðul) og álftar (639 pör). Á fjaðrafellitíma uppfyllir fjöldi álfta einnig alþjóðleg viðmið (1.236 fuglar). Meðal annarra tegunda sem verpa í talsverðum mæli á svæðinu eru lómur, duggönd og hávella (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl., 2016).

Þótt aðeins fuglalífið væri tekið sem áhrifaþáttur kolfellur þessi staðsetning á grunni þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um fuglalíf á svæðinu þar sem tegundabreytni er mjög mikil. Líkast til er hvergi að finna jafn mörg óðöl himbrima hér á landi og í nágrenni þessa svæðis á Arnarvatnsheiði sem er alþjóðlega mjög mikilvægt þar sem margar af okkar helstu ábyrgðartegundum dvelja á og fara um. Um er að ræða víðáttumikið votlendissvæði með búsvæðavernd sem er á b-hluta náttúruminjaskrár. Sjónmengun yrði með öllu óafturkræf og víðernisupplifun á þessu annars lítt raskaða svæði. Hólmavatn yrði hluti af áhrifasvæðinu en það er 2,4 km² og í 358 m hæð yfir sjó, í vatninu er mikið af bleikju. Útfall þess fellur í Lambá og til Kjarrár. Allt þetta og meira til kallar á víðtæka vernd svæðisins sem náttúruminjaskrá gefur til kynna. Vindorkuver að Þorvaldsstöðum er því með öllu útilokað á þessu svæði og telur Landvernd ástæðulaust að tíunda allan þann fjölda annmarka sem koma fram í þessari áætlun sem varða áhrifaþætti framkvæmdar inn við kjarna hálendisins.

Lokaorð

Um leið og Landvernd leggur sérstaka áherslu á inngangsorð þessarar umsagnar um fjölda áætlana sem hafa verið sett á svið hér á landi áréttar Landvernd andstöðu sína við áform sem hér eru sett fram um vindorkuver að Þorvaldsstöðum í Borgarbyggð.

*Með vinsemd og virðingu,
fh. stjórnar Landverndar*

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður